



HS ORKA HF

**ÁRSSKÝRSLA 2008**  
**FINANCIAL STATEMENTS 2008**



HS VEITUR HF





## ÁRSSKÝRSLA 2008

### EFNISYFIRLIT

Hitaveita Suðurnesja hf - HS Orka hf - HS Veitur hf . . .	3	<b>HS Orka hf</b>	
Skipulag og stjórn . . . . .	4	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar . . . . .	37
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja hf. . . . .	6	Áritun óháðra endurskoðenda . . . . .	38
Fréttaveitan. . . . .	7	Rekstrarreikningur . . . . .	39
Heimsóknir . . . . .	8	Efnahagsreikningur . . . . .	40
Orkuver . . . . .	9	Eiginfjárfirlit . . . . .	41
Grunnvatns- og jarðhitadeild. . . . .	15	Sjóðstreymisyfirlit . . . . .	42
Vatnsdeild. . . . .	17	Skýringar . . . . .	43
Rafmagnsdeild . . . . .	20		
Innkaupa- og birgðadeild . . . . .	22	Endorsement by the Board of Directors and the Management	76
Viðhaldsdeild . . . . .	24	Independent Auditors' report . . . . .	78
Upplýsingasvið . . . . .	25	Income Statement . . . . .	79
Tæknideild . . . . .	25	Balance Sheet . . . . .	80
Starfsmannahald . . . . .	26	Statement of Changes in Equity . . . . .	81
Gæðamál . . . . .	27	Statement of Cash Flows . . . . .	82
Öryggis, heilbrigðis- og umhverfismál . . . . .	27	Notes to Financial Statements . . . . .	83
Skjalastjórnun. . . . .	29		
Skrifstofa . . . . .	29	<b>HS Veitur hf</b>	
Raforkukaup og raforkusala . . . . .	31	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar . . . . .	117
Lykilstærðir . . . . .	33	Áritun óháðra endurskoðenda . . . . .	118
		Efnahagsreikningur . . . . .	119
		Eiginfjárfirlit . . . . .	120
		Skýringar . . . . .	121
		Endorsement by the Board of Directors and the Management	133
		Independent Auditors' Report. . . . .	134
		Balance Sheet . . . . .	135
		Statement of Equity . . . . .	136
		Notes to Financial Statements . . . . .	137



## HITAVEITA SUÐURNESJA HF HS ORKA HF & HS VEITUR HF

Ársins 2008 verður aðallega minnst fyrir það að Hitaveita Suðurnesja hf var sem slík lögð niður en við hlutverki hennar tóku tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Orka hf og HS Veitur hf. Þetta var gert í kjölfar samþykka laga nr. 58 frá 7. júní 2008 þar sem m.a. er kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi í tvö aðskilin og sjálfstæð fyrirtæki sem hafi sjálfstæðar stjórnir fyrir 1. júlí 2009. Þegar þessi lagasetning lá fyrir hófst umfangsmikil undirbúningsvinna fyrir uppskiptinguna sem síðan lauk með hlutfafundi þann 1. desember þar sem nafni Hitaveitu Suðurnesja hf var breytt í HS Orku hf og síðan haldinn stofnfundur fyrir nýtt félag, HS Veitur hf. Voru báðum félögunum þá kosnar nýjar stjórnir en allir starfsmenn eru enn um sinn starfsmenn HS Orku hf sem síðan með verktakasamningi annast alla þjónustu fyrir HS Veitur hf. HS Orka hf sér nú um rekstur orkuvera fyrirtækisins, framleiðslu á raforku, heitu vatni og ferskvatnsvinnslu og síðan raforkusölnuna en HS Veitur hf um veitustarfsemina þ.e. dreifingu raforku auk dreifingar og sölu á heitu og köldu vatni.

Hinn hefðbundni hita- og vatnsveiturstur á Suðurnesjum er því nú kominn í tvö fyrirtæki og því var nauðsynlegt að gera ítarlegan langtímasamning milli félaganna til að tryggja öryggi þjónustu við íbúa og fyrirtæki á svæðinu til framtíðar. Við mat Capacent á fyrirtækinu varð niðurstaðan sú að virði HS Orku hf væri um 73% af heildarvirði Hitaveitu Suðurnesja hf og HS Veitna hf þá um 27%. Það síðasta sem nú hefur frést varðandi þessa lagasetningu er að frestur til uppskiptingar verði að beiðni OR framlengdur til ársloka 2009 en sá frestur nýtist Hitaveitu Suðurnesja hf ekki héðan af. Stjórnir og starfsfólk vinna nú að endanlegu skipulagi og fyrirkomulagi í breyttu rekstrarfyrirkomulagi og eitt af því sem ljúka þarf er að ná samkomulagi við þá banka, sem höfðu lánað félaginu til framkvæmda síðustu árin, vegna þess að staða félagsins hefur óhjákvæmilega breyst. Slíkt samkomulag er í raun forsenda þess að HS Orka hf geti haldið áfram uppbyggingu virkjana til að svara eftirspurn frá álveri í Helguvík og annari starfsemi sem byggir á mikilli raforkunotkun.

*Orkan er mér allt,  
þegar úti er kalt.  
Dríf ég mig í bað,  
því alltaf nóg af heitu vatni í það.*

A.P.



Fjárfestingar á árinu 2008 voru ívið minni en árin á undan. Þær voru samt umtalsverðar eða um 5,5 milljarðar, þar af um 1,5 vegna undirbúnings stækkunar Reykjanesvirkjunar, 1,2 vegna borana og annarra verkefna í Svartsengi, 700 milljónir vegna landakaupa og 2,2 milljarðar í veitukerfum og skyldum verkefnum. Af þessum 2,2 milljörðum var um 1 milljarður vegna neðansjávarlagnar til Vestmannaeyja en ríkissjóður veitti síðan Vestmannaeyjabæ 700 m.kr. styrk vegna vatnslagnarinnar. HS Veitur hf gerðu síðan samning við Vestmannaeyjabæ um að bærinn keypti vatnslögnina og greiddi fyrir hana 700 m.kr. en mismunurinn á heildarkostnaði og framlaginu, um 600 m.kr., væri umsamið leigugjald fyrir lögnina í 35 ár.

Upptekt úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi jókst nokkuð með tilkomu Orkuvers 6 og var 13,819 milljón tonna á móti 10,548 milljónum tonna 2007. Niðurdæling jókst enn eða úr 4,716 milljónum tonna í 6,075 milljón tonna (28,8% aukning) og jókst þá upptektin nettó um 32,8%. Upptekt úr jarðhitakerfinu á Reykjanesi minnkaði úr 23,2 milljónum tonna í 19,4 milljónir tonna eða 16,6%.



## STJÓRN OG SKIPULAG

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2007 var haldinn 3. apríl 2008 í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum urðu tvær breytingar á stjórn fyrirtækisins. Úr stjórninni gengu þá þau Harpa Gunnarsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur og Jón Sigurðsson, Geysi Green Energy. Í þeirra stað komu þeir Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur og Magnús Bjarnason, Geysi Green Energy. Að loknum aðalfundinum var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

**Formaður:** Árni Sigfússon, Reykjanesbæ

**Varaformaður:** Ásgeir Margeirsson, Geysi Green Energy

**Ritari:** Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ

**Meðstjórnendur:** Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ  
Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur  
Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ  
Magnús Bjarnason, Geysi Green Energy

**Varamenn** Einar Þorsteinsson, Geysi Green Energy

**í stjórn:** Eysteinn Jónsson, Reykjanesbæ  
Jóna Lárusdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur  
Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ  
Ragnar Guðgeirsson, Geysi Green Energy  
Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ  
Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

Hitaveitu Suðurnesja hf var síðan skipt upp á hluthafafundi 1. desember 2008 og þá kosnar stjórnir fyrir hin nýju félög sem voru þá þannig skipaðar:

### HS Orka hf

**Formaður:** Ásgeir Margeirsson, Geysi Green Energy

**Varaformaður:** Magnea Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ

**Ritari:** Sigurgestur Guðlaugsson, Reykjanesbæ

**Meðstjórnendur:** Alexander Guðmundsson, Geysi Green Energy  
Matthías Imsland, Orkuveitu Reykjavíkur  
Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ  
Ólafur Thordersen, Reykjanesbæ

**Varamenn** Auðbjörg Ólafsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur

**í stjórn:** Eysteinn Jónsson, Reykjanesbæ  
Guðfinna Eyjólfsdóttir, Reykjanesbæ  
Kjartan Eiríksson, Reykjanesbæ  
Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ  
Einar Örn Ólafsson, Geysi Green Energy  
Þorsteinn Vilhelmsson, Geysi Green Energy

### HS Veitur hf

**Formaður:** Árni Sigfússon, Reykjanesbæ

**Varaformaður:** Þór Gíslason, Geysi Green Energy

**Ritari:** Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ

**Meðstjórnendur:** Davíð Stefánsson, Geysi Green Energy  
Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbæ  
Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur  
Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ

**Varamenn** Davíð Örn Jónsson, Orkuveitu Reykjavíkur

**í stjórn:** Elly Erlingsdóttir, Hafnarfjarðarbæ  
Guðmundur Hagalín Guðmundsson, GGE  
Guðný Kristjánsdóttir, Reykjanesbæ  
Steinar Þór Guðlaugsson, Geysi Green Energy  
Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ  
Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

### Hlutfjáreign í HS Orku hf og HS Veitum hf skiptist þannig 31.12.2008:

	HS Orka hf	HS Veitur hf	Hlutfall
Reykjanesbær	2.126.036.024	464.386.479	34,748%
Geysir Green Energy	1.957.883.840	427.657.280	32,000%
Orkuveita Reykjavíkur	1.014.563.232	221.609.343	16,582%
Hafnarfjarðarbær	943.320.608	206.047.937	15,418%
Grindavíkurbær	31.144.706	6.802.866	0,509%
Sandgerðisbær	19.761.186	4.316.403	0,323%
Garður	19.581.248	4.277.099	0,320%
Vogar	6.096.156	1.331.573	0,010%
<b>Samtals</b>	<b>6.118.387.000</b>	<b>1.336.429.000</b>	<b>100,000%</b>

Eftirtaldir menn veita fyrirtækjunum forstöðu:

**Forstjóri:** Júlíus Jónsson

**Aðstoðarforstjóri:** Albert Albertsson

---

HS Orka hf



Ásgeir Margeirsson



Magna Guðmundsdóttir



Alexander Guðmundsson



Gunnar Svavarsson



Sigurgestur Guðlaugsson



Matthías Imsland



Ólafur Thordersen

HS Veitur hf



Árni Sigfússon



Þór Gíslason



Davíð Stefánsson



Glúmur Jón Björnsson



Björk Guðjónsdóttir



Eyjólfur Sæmundsson



Guðbrandur Einarsson



Júlíus Jónsson  
*forstjóri*



Albert Albertsson  
*aðstoðarforstjóri*



## STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var 11. apríl 2008 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn félagsins og skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: Viðir S. Jónsson  
 Varaformaður: Guðmundur Þórðarson  
 Gjaldkeri: Sigrún Guðmundsdóttir  
 Ritari: Þórhildur Eva Jónsdóttir  
 Meðstjórnandi: Sjöfn Olgeirsdóttir

Varamenn sem jafnframt sitja alla stjórnarfundir:  
 Margrét Guðleifsdóttir  
 Viðar Ben Teitsson

Starf félagsins á síðasta ári var með hefðbundnu sniði. Félagið á og rekur sumarhús í Húsafelli og var það í stöðugri útleigu yfir orlofstímann og er vel notað yfir haust og vetrarmánuði. Ekki var farið í neinar stórkostlegar framkvæmdir né viðhald á húsinu á síðasta ári. Sjónvarpsmál voru lagfærð með nýju loftneti og magnara, lítilliga málað og dyttað að húsinu innan sem utan. Eins og sagt var frá í síðustu ársskýrslu var íbúð, sem félagið hafði til afnota á Akureyri seld og sumarhús í Kjarnabyggð pantað í staðinn, nýtt hús um 80 m<sup>2</sup> með heitum potti og öllum þægindum. Það verður leigt út frá 5. júní nk.

Árshátíð var haldin á Grand Hótelí Reykjavík laugardaginn 1. mars. Þátttaka var mjög góð og var hátíðin með hefðbundnu sniði, góður matur borinn á borð, heimatilbúin skemmtiatriði og dansað fram eftir nóttu. Þemað var „Mafían - bannárin“ og mættu langflestir árshátíðargestir í einhverju tengdu þessu tímabili sem setti skemmtilegan svip á hátíðina.

Félagið stóð fyrir þrífðögum innan fyrirtækisins þrjá laugardaga sl. vor. Var það hluti af því að fá fullan styrk vegna sumarferðarinnar. Tiltekt og þríf voru á öllum starfsstöðvum og voru ferðalangar duglegir við að mæta og taka til hendinni. Félagið grillaði ofan í mannskapinn í hádeginu á vinnudögum. Góð stemmning var og má segja að þetta sé upphafið af ferðalaginu, starfsmenn og makar koma saman með vatn í fötu og tusku, kynnast og allir hafa gaman af.

Sumarferðin var svo farin í tveimur hópum í september og áfangastaðurinn var Salou á Spáni. Fyrri ferðin var farin vikuna 5. til 12. september og sú síðari frá 19. til 26. september. Hægt var að framlengja um viku í báðum ferðum og voru nokkrir sem gerðu það. Ferðirnar gengu mjög vel og óhætt er að segja að fólk hafi

verið ánægt og notað hana til afslöppunar og skemmtunar. Síðari hópurinn fékk þó að kynnast spánskri rigningu, þrumum og eldingum og var það lífsreynsla út af fyrir sig.

Fjölskyldudagur var haldinn laugardaginn 8. nóvember og var vel mætt. Byrjað var á baði í Bláa Lóninu, þaðan haldið í Eldborg Svartsengi þar sem boðið var upp á léttu hressingu. Síðan lá leiðin í Orkuverið Jörð í Reykjanesvirkjun þar sem forstjóri fyrirtækisins tók á móti fólki. Eftir skoðunarferð um sýninguna og virkjunina var haldið á Vallarheiði í leiktækja- og hjólaskautahús og skemmtu krakkarnir sérstaklega sér vel. Þar var boðið upp á pizzur og tilheyrandi og allir fóru glaðir heim síðla dags.


Farið var í leikhús í nóvember, að sjá Janis 27 í Íslensku Óperunni. Ekki var fjölmennt á þessa sýningu en þeir sem mættu nutu góðs söngs og leiks.

Jólahlaðborð var haldið í golfskálanum Leiru laugardaginn 6. desember. Vel var mætt og þéttsetinn golfskálinn. Góður matur, smá skemmtun, happdrætti og fleira var nóg til að félagsmenn og makar fóru sáttir heim tilbúnir að halda áfram undirbúningi jólanna.

Heimasíða félagsins hefur verið til staðar og er nauðsynlegur liður í að tengja félagsmenn saman þar sem við erum nokkuð dreifð. Stjórn félagsins hefur verið í vandræðum með að finna aðila til að sjá um heimasíðuna og því hafa engar nýjungar komið þar inn í langan tíma, aðeins fréttir og myndir frá viðburðum félagsins.

Ég vil að lokum þakka félagsmönnum fyrir þátttöku þeirra í starfi félagsins. Ég er búinn að segja það oft og ætla bara að halda því áfram, starf félagsins væri lítils virði ef enginn tæki þátt í því. Þá vil ég þakka stjórn og stjórnendum fyrir ómetanlegan skilning og stuðning við starf félagsins. Það er von mín, og okkar sem störfum að málefnum félagsins, að svo verði áfram þó svo að umhverfið hafi breyst.

*Viðir S. Jónsson formaður.*





## FRÉTTAVEITAN

Ekki voru gefin út nema þrjú blöð af Fréttaveitunni á árinu 2008. Það eru færri blöð en efni stóðu til. Reyna á að hafa útgáfu á u.þ.b. tveggja mánaða fresti eða um sex blöð á ári. Ástæða þessa var sú að nóg var að gera í öðrum verkefnum hjá ritstjóra blaðsins. Engu að síður verður að segja að miður sé og ekki það sem var lagt upp með eftir að hafa haldið upp á 20 ára afmæli blaðsins í desember 2007, að gefa svo ekki út blað fyrr en í ágúst 2008. Ritstjórn var óbreytt en hana skipa auk undirritaðs Harpa Sævarsdóttir aðstoðarritstjóri, Júlíus Jónsson og Albert Albertsson.

Markmið blaðsins er að endurspeglar starf og starfssemi fyrirtækisins og einnig starfsmanna. Til að það markmið náist verða allir starfsmenn að taka þátt í útgáfu blaðsins með greinum, fréttum og viðtölum. Það er skoðun mín að það markmið náist ágætlega. Margir starfsmenn eru duglegir við að senda inn fréttir og efni þó vissulega mættu fleiri koma að því. Ritstjóri hefur hamrað á því að margt frétt næmt gerist hjá stóru og dreifðu fyrirtæki á hverjum degi, eitthvað sem sannarlega á að segja frá, hvort heldur sem er í blaðinu eða á heimasíðu fyrirtækisins.

Fastir dagskrárlíðir í blaðinu eru fréttir úr stjórnarherberginu, hugleiðingar forstjóra, aðstoðarforstjóri er duglegur við að skrifa fræðigreinar sem og jarðfræðingar fyrirtækisins, fréttir frá starfsstöðvum og fleira tengt starfssemi fyrirtækisins. Öryggisfulltrúi hefur skrifað um öryggismál, sagt frá framvindu mála varðandi stækkun Reykjanesvirkjunar, vinnu við uppskiptingu á fyrirtækinu á síðasta ári og fleira. Yfirheyrsla á tveimur starfsmönnum hefur verið fastur dagskrárlíður í hverju blaði og byrjað var á nýjum dagskrárlíð



þar sem starfsmenn segja frá sínu áhugamáli. Tölvupósturinn hefur verið sendur á nokkra aðila í hverju blaði og svara starfsmenn sem aðrir spurningu í gegnum tölvupóst og einn aðili hefur svarað samviskuspurningu í hverju blaði. Hönnun blaðsins hefur verið í höndum Jóhanns Friðrikssonar hjá Intro.

Fréttaveitan er komin til að vera í starfssemi fyrirtækjanna áfram. Eina breytingin er að nú mun hún þjóna tveimur fyrirtækjum. Það er von mín að starfsmenn verði áfram duglegir við að senda inn efni og greinar. Aðeins þannig verður hægt að endurspeglar þróttmikið starf sem sannarlega er unnið hjá fyrirtækjunum og halda áfram að gefa út skemmtilegt og athyglisvert blað.

### ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI HS 31.12.2008

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær . . . . .	14.172	55,39%	14.172	22,02%	14.172	55,29%
Grindavík . . . . .	2.850	11,14%	2.850	4,43%	2.850	11,12%
Sandgerði . . . . .	1.754	6,86%	1.754	2,72%	1.754	6,84%
Garður . . . . .	1.550	6,06%	1.550	2,41%	1.550	6,05%
Vogar . . . . .	1.218	4,76%	1.218	1,89%	1.218	4,75%
	21.544	84,21%	21.544	33,47%	21.544	84,06%
Hafnarfjörður . . . . .	0	0,00%	25.850	40,16%	0	0,00%
Garðabær (hluti) . . . . .	0	0,00%	2.453	3,81%	0	0,00%
Álftanes . . . . .	0	0,00%	2.518	3,91%	0	0,00%
	0	0,00%	30.821	47,88%	0	0,00%
Vestmannaeyjar . . . . .	4.086	15,79%	4.086	6,35%	4.086	15,94%
Árborg . . . . .	0	0,00%	7.922	12,31%	0	0,00%
Alls . . . . .	25.630	100,00%	64.373	100,00%	25.630	100,00%

\* Í Grindavík og Sandgerði sér HS eingöngu um vatnsöflunina.

## HEIMSÓKNIR

Fyrirtækið er athyglisvert og margir vilja heimsækja það, fræðast og komast í „snertingu“ við vélbúnað með heimsókn inn í orkuverin. Fyrirtækið hefur frá fyrsta degi verið opið fyrir heimsóknnum fólks, það er stefna fyrirtækisins að allt sem við gerum sé sýnilegt, jafnt mannvirki sem og aðrar framkvæmdir, rannsóknir og fleira. Fjöldi gesta kemur og eru það jafnt leikskólabörn sem fullorðnir, hópar sem einstaklingar, þingnefndir og forsetar, blaðamenn og annað fréttafólk, Íslendingar sem erlendir borgarar. Vorin og haustin eru sérstaklega vinsæl meðal íslenskra skólahópa og starfsmannafélaga. Þá er það að aukast að erlendir nemendur komi við hjá okkur í námsferðum sínum. Það sem vekur mesta hrifningu erlendra aðila sem heimsækja okkur er að ekki séu mannheldar girðingar umhverfis orkuverin, ekki vopnaðir verðir, allt svo opið, hreint og fínt.

Heimsóknirnar hafa verið margvíslegar, margar í orkuverin, aðrir vilja sjá húshitakerfi í rekstri, borholan í blæstri í Eldvörpum er vinsæl, móttökur í spennistöðvum og fleiri stöðum, enda margt að sjá og ummerki fyrirtækisins víða.

Á árinu 2008 var í fyrsta skipti reynt að halda utan um fjölda heimsókna og fjölda gesta. Samkvæmt skráningu voru alls 252 móttökur og gestir alls 4.235. Þegar kemur að því að taka á móti gestunum eru nokkrir til kallaðir, reynt er eftir fremsta megni að dreifa því á sem flesta. Það er líka nauðsynlegt þar sem hópar hafa ólíkar væntingar, einn hópur er aðallega að spá í fjármagni og arðsemi á meðan næsti er bara að spá í tækninni.

Fyrirtækið hefur einnig sett upp sérstaka aðstöðu til gesta- móttöku, Gjanna í Eldborg, sem er sögusýning um jarðfræði, sem hefur vegna tæknilegra örðuleika, legið niðri síðasta árið. Orkuverið jörð var formlega vígt þann 16. júlí sl. Þar hefur verið sett upp

gagnvirk sýning um tilvist alheimsins allt frá Mikla hveli til dagsins í dag sem og upplýsingar um orkuframleiðslu í heiminum. Þessa dagana er að hefjast vinna við lagfæringar við sýninguna í Gjanni í Eldborg og er það markmið okkar að opna hana aftur.

Fyrirtækið samdi við Íslending varðandi umsjón með sýningunni Orkuverið jörð. Sjá þeir um að hafa sýninguna opna og annast móttökur vegna hennar. Alls komu um 1.000 manns á tímabilinu september – desember í heimsókn í Orkuverið jörð, og móttökur sem þeir sáu um.

### FJÖLDI HEIMSÓKNA ÁRIÐ 2008

Mánuður	Fjöldi heimsókna	Fjöldi gesta
Janúar . . . . .	3	27
Febrúar . . . . .	6	81
Mars . . . . .	15	146
Apríl . . . . .	31	552
Maí . . . . .	51	1.019
Júní . . . . .	37	551
Júlí . . . . .	21	265
Ágúst . . . . .	17	325
September . . . . .	17	238
Október . . . . .	29	671
Nóvember . . . . .	19	326
Desember . . . . .	6	34
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>252</b>	<b>4.235</b>
Meðaltal mánuði . . . . .	21	353



*Orkan hér og orkan þar,  
orkan er jú allstaðar.*

*Í fjöllum, fossum, jörð og mar,  
fögur lón og hverir fólkid laðar.*

*Orkan býr í okkur öllum,  
bæði konum og köllum.*

*Við orkuna mikið virkjum,  
og um hana nú við yrkjum.*

A.P.

## ORKUVER

Heitavatnsnotkun á Vallarheiði er nú um stundir innan við helmingur þess sem hún varð mest þegar Varnarliðið hafði þar starfsemi. Notkunin árið 2008 var um 6% minni en árið 2007 og nemur minnkunin um 138.000 tonn. Hitaveituvatnið er nú betur nýtt á Vallarheiði en á tímum Varnarliðsins, sem sést best á því, að meðalhitastig bakrennslisvatns frá byggingunum er um 9°C lægra en það var.

Heildarframleiðsla hitaveituvatns í orkuverinu er nú orðin um 228.800.000 tonn og er upphitarorka þess um 15.473 GWst.

### Jarðhitavinnsla í Svartsengi

Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2008 var um 438 kg/sek að meðaltali. Heildarupptekt úr vinnsluholum á svæðinu á árinu var um 13,82 milljón tonn. Til baðstaðar Bláa Lónsins hf og að efnavinnslu Bláa Lónsins fóru um 1,12 milljón tonn af jarðhitavökva eða um 35 kg/sek að meðaltali.

Niðurdæling affallsvatns í holu SVA-17 var um 5,85 milljón tonn og í holu SVA-24 sem er ný hola er tekin var í notkun 7. nóv. um 223 þúsund tonn eða samtals um 6,08 milljón tonn sem eru um 192 kg/sek að meðaltali allt árið, og er um 29% aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að auka niðurdælingu enn frekar, eða í um 7 milljón tonn árið 2009. Nú er niðurdæling í fullum rekstri um 237 kg/s.



Nettúpptekt á árinu er því um 7,74 milljón tonn. Aukning á gufu upptekt 2008 var um 1,38 milljón tonn. Þessi aukning er aðallega vegna tilkomu orkuvers 6 sem framleiddi á árinu að meðaltali um 23,3 MW rafafis og notaði til þess að jafnaði um 43 kg/sek.

Heildarupptekt úr svæðinu frá upphafi er um 267,5 milljón tonn, og heildarniðurdæling frá upphafi er um 37,8 milljón tonn. Nettúpptekt frá upphafi er því um 229,7 milljón tonn.


## FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN HITAVEITUVATNS

Orkuver	Árið 2008	Aukning frá 2007	Aukning frá 1998
Hitaveituvatn frá orkuveri . . . . .	11.111.367 tonn	7,08%	45%
Varmaorka hitaveituvatns. . . . .	663 GWst		
Hæsta varmaálag orkuvers; desember . . . . .	66,46 GWst		
Mesta mánaðarframleiðsla; janúar . . . . .	1.073.430 tonn		
Hæsta dagsframleiðsla; 31. janúar . . . . .	440,8 l/sek		
Hæsta varmaálag; 30. nóvember . . . . .	104,6 MW		
<b>Vallarheiði - dælustöð Fitjum</b>			
Heitavatnsnotkun. . . . .	2.319.557 tonn	-6%	
Varmaorka hitaveituvatns. . . . .	103,9 GWst	-7%	
Hæsta mánaðarvarmaálag ; janúar . . . . .	11,5 GWst		
Hæsta dagsvarmaálag; 1. febrúar . . . . .	18,8 MW		
<b>Byggðir - dælustöð Fitjum</b>			
Heitavatnsnotkun. . . . .	9.347.971 tonn	7,70%	35%
Hæsta dagsvarmaálag; 2. febrúar . . . . .	69,02 mw		
<b>Flugstöðvarvæði - dælustöð Fitjum</b>			
Heitavatnsnotkun. . . . .	506.234 tonn	10%	64%
<b>Grindavík - frá orkuveri</b>			
Heitavatnsnotkun. . . . .	1.627.727 tonn	0,70%	40%

**FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2008** upphæðir í þús. kr.

Á árinu voru fjárfestingar ívið minni en árið áður og námu fjárfestingar í orkuverum og veitukerfum 5.017 m.kr. (5.746 m.kr. árið áður) og alls 5.544 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (6.541 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafmagn	Dreifikerfi hitaveita	Dreifikerfi o.fl. vatnsveita	SAMTALS
Reykjanesbær . . . . .	110.908	88.516	54.821	254.245
Grindavík . . . . .	18.349	5.797	0	24.146
Sandgerði . . . . .	3.435	6.111	0	9.546
Garður . . . . .	10.173	11.775	8.586	30.534
Vogar . . . . .	1.750	1.485	19.703	22.938
Hafnir . . . . .	0	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur . . . . .	254.886	0	30.231	285.117
Keflavíkurflugvöllur; dæluhús & tankur . . . . .	0	0	45.000	45.000
Flugstöðvarsvæði . . . . .	38	480	0	518
Hafnarfjörður . . . . .	301.994	0	0	301.994
Hafnarfjörður - álagsstýring . . . . .	1.193	0	0	1.193
Garðabær . . . . .	72.311	0	0	72.311
Álftanes . . . . .	10.171	0	0	10.171
Selfoss . . . . .	51.358	0	0	51.358
Eyrbakki . . . . .	301	0	0	301
Stokkseyri . . . . .	500	0	0	500
Vestmannaeyjar . . . . .	23.068	4.821	2.388	30.277
Kyndistöð Vestmannaeyjum . . . . .	0	284	0	284
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum . . . . .	0	731	0	731
Vestmannaeyjar - neðansjávarlögn . . . . .	0	0	1.008.938	1.008.938
<b>Veitukerfi samtals</b>	<b>860.435</b>	<b>120.000</b>	<b>1.169.667</b>	<b>2.150.102</b>
Farartæki- og vinnuvélar . . . . .			23.662	
<b>HS Veitur hf</b>				<b>2.173.764</b>
Reykjanes I - verklok . . . . .			110.000	
Borholur og safnæðar - vél 3. . . . .			1.276.485	
Orkuver Reykjanesi - 2. áfangi . . . . .			114.618	1.501.103
Orkuver 6 Svartsengi . . . . .			374.901	
Safnæðar o.fl. Svartsengi . . . . .			108.317	
Nýjar borholur Svartsengi . . . . .			597.060	
Orkuver 2 Svartsengi . . . . .			19.575	
Jarðsjávarveita . . . . .			983	
Niðurdæling . . . . .			24.073	
Förgun yfirborðslóns . . . . .			28.845	
Dælustöð heitt vatn . . . . .			30.527	1.184.281
Orkurannsóknir Eldvörp . . . . .			11.042	
Orkurannsóknir Trölladyngju . . . . .			308	
Orkurannsóknir Hallkels- og Klausturh. . . . .			132.315	
Orkurannsóknir Krýsuvík . . . . .			38.093	181.758
<b>Orkuver samtals</b>				<b>2.867.142</b>
Land Járngerðastaða & Hópstorfu . . . . .			700.000	
Undirbúningur nýrra aðalstöðva . . . . .			58.923	
Aðrar fasteignir . . . . .			22.595	
Verkfæri og mælur . . . . .			1.503	
Upplýsingakerfi . . . . .			25.081	
Tölvu- og skrifstofubúnaður . . . . .			18.964	
Farartæki- og vinnuvélar . . . . .			12.911	839.977
Hlutfé Farice hf . . . . .			-371.468	
Hlutfé Keilir ehf . . . . .			35.000	-336.468
<b>HS Orka hf</b>				<b>3.370.651</b>
<b>Framkvæmdir og fjárfestingar samtals</b>				<b>5.544.415</b>




Prýstingur á 900 m dýpi í fjórum holum í Svartsengi og á 1100 m dýpi í EG-2.

Heildar þrýstingslækkun í vökvahluta vinnslusvæðisins frá upphafi (1976) er orðin um 31 bar í árslok 2008 en þrýstingur hefur lítið breyst frá árinu 2002, eins og sést á mynd 1, sem sýnir þrýsting á 900 m dýpi í Svartsengi og á 1100 m dýpi í Eldvörpum.

### Jarðhitavinnsla á Reykjanesi

Árið 2008 var annað heila starfsár Reykjanesvirkjunar. Heildarvinnsla á Reykjanesi á árinu 2008 var um 19,36 milljón tonn, sem samsvarar árs meðalvinnslu um 614 kg/s. Heildarvinnsla frá upphafi úr jarðhitageyminum á Reykjanesi er orðin um 109,17 milljón tonn. Á fyrstu mánuðunum eftir að virkjunin var gangsett árið 2006 varð vart við snarpan niðurdrátt í svæðinu. Miðað við mælingu á 1500 m dýpi hefur þrýstingur lækkað úr u.þ.b. 122 bar í djúpkerfinu í u.þ.b. 99 bar í október 2006 eða um 23 bar.

Myndin hér til hliðar sýnir þrýsting á raundýpi 1500 m undir



Prýstingur á raundýpi 1500 m u.s. í holum á Reykjanesi, 2004–2008.

### RAFORKUFRAMLEIÐSLAN 2008 VAR ÞESSÍ:

	% GWst	% af heild	2007 GWst	% af heild	% breyting
AEG vélar (2 x 1 MW) . . . . .	0,000	0,00%	0,906	0,07%	-100,00%
Fuji vél (6 MW) . . . . .	46,108	3,22%	48,379	3,98%	-4,69%
Ormat vélar (7 x 1,2 MW) . . . . .	56,107	3,92%	56,887	4,68%	-1,37%
Fuji 1999 (30,0 MW) . . . . .	259,406	18,12%	251,122	20,68%	3,30%
Fuji 2007 (30,0 MW) . . . . .	204,808	14,31%	6,552	0,54%	3025,84%
Svartsengi samtals . . . . .	566,429	39,57%	363,846	29,96%	55,68%
Reykjanesvirkjun (2 x 50 MW) . . . . .	864,434	60,38%	849,299	69,93%	1,78%
	864,434	60,38%	849,299	69,93%	1,78%
Gufuhverfill Kólku (Helguvík) . . . . .	0,616	0,04%	1,121	0,09%	-45,06%
Önnur framleiðsla . . . . .	0,131	0,01%	0,186	0,02%	-29,83%
	0,746	0,05%	1,307	0,11%	-42,89%
	1.431,609	100,00%	1.214,451	100,00%	17,88%



sjávarmáli í holum á Reykjanesi árin 2004–2008. Þrýstingslækkunin var mjög mikil á árinu 2006 á fyrstu mánuðunum eftir að rafmagnsframleiðsla Reykjanesvirkjunar hófst og er svo fram á vorið 2007, en þá er eins og dragi aðeins úr þrýstingslækkuninni á vinnslusvæðinu. Hins vegar virðast þrýstingsmælingar ársins 2008 ekki benda til þess að hægt hafi mikið á þrýstingslækkuninni og er heildarlækkunin á vinnslusvæðinu frá ársbyrjun 2006 til ársloka 2008 orðin nálægt 40 bar eða um 20 bar á ári. Hins vegar er greinilegt að um mun minni þrýstingslækkun er að ræða í holum á jaðri vinnslusvæðisins. Þannig er lækkunin í holu RN-16 aðeins 20 bar frá ársbyrjun 2006 og lækkunin í holu RN-20 er á sama tímabili um 27 bar. Tvær nýlegar þrýstimælingar í RN-16 sýna nú litla sem

enga þrýstilækkun í jaðarholu svæðisins. Líkleg skýring þessa er vinnsla orkuríkrar gufu úr gufupúðanum og um 70 l/sek niðurdælingu af grunnvatni í holu RN-17b.

Árið 2008 voru boraðar tvær nýjar vinnsluholur á Reykjanesi, RN-27 og RN-28 og voru báðar boraðar sem gufuholur. Þá var borað út úr holum RN-17 og RN-20 og kallast þær nú RN-17b og RN-20b og mun hola RN-20b verða notuð til niðurdælingar en RN-17b sem vinnsluhola.

Á árinu 2008 voru fjórar holur, RN-25, RN-26, RN-27 og RN-28 blástursprófaðar. Hola RN-25 er blaut og sýndi lotubundnar breytingar í toppþrýstingi eftir upphleypingu. Samkvæmt blástursprófinu gæti holan gefið um 14 MWe í rafmagnsframleiðslu við 41 bar-g

**ORKUVER SVARTSENGI & REYKJANES - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2008**

	Eining	2008	2007	Breyting 2008 - 2007	Samtals 1976 - 2008
Seld raforka út á net Svartsengi . . . . .	GWst	532,45	341,50	55,92%	4.566,34
Eigin notkun raforku Svartsengi . . . . .	GWst	33,98	22,35	52,02%	534,02
<b>Samtals</b>	<b>GWst</b>	<b>566,43</b>	<b>363,85</b>	<b>55,68%</b>	<b>5.100,36</b>
Seld raforka út á net Reykjanes . . . . .	GWst	834,95	818,83	1,97%	2.193,22
Eigin notkun raforku Reykjanes . . . . .	GWst	29,48	30,47	-3,23%	72,76
<b>Samtals</b>	<b>GWst</b>	<b>864,43</b>	<b>849,30</b>	<b>1,78%</b>	<b>2.265,98</b>
Vatnsframleiðsla . . . . .	Tonn	11.111.367	10.376.226	7,08%	228.850.962
Vatnsframleiðsla (orka) . . . . .	GWst	663,00	659,29	0,56%	15.472,61
<b>Svartsengi:</b>					
Upptekt úr jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	13,819	10,548	31,01%	266,983
Niðurdæling í jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	-6,075	-4,716	28,82%	-37,833
	<b>Pús. tonn</b>	<b>7,744</b>	<b>5,832</b>	<b>32,79%</b>	<b>229,150</b>
<b>Reykjanes:</b>					
Upptekt úr jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	19,363	23,207	-16,56%	105,631
Niðurdæling í jarðhitasvæði . . . . .	Pús. tonn	0,000	0,000		0,000
	<b>Pús. tonn</b>	<b>19,363</b>	<b>23,207</b>	<b>-16,56%</b>	<b>105,631</b>

**ORKUÖFLUN HITAVEITU Í EYJUM:**

	2008 kWst	2008 %	2007 kWst	2007 %	Breyting %
Raforka . . . . .	58.462.416	80,89%	55.273.261	78,17%	5,77%
Sorpeyðingarstöð . . . . .	5.497.780	7,61%	6.543.259	9,25%	-15,98%
Olía . . . . .	2.149.850	2,97%	3.279.400	4,64%	-34,44%
Grunnolía . . . . .	2.248.800	3,11%	44.000	0,06%	5010,91%
Orka FES . . . . .	2.085.617	2,89%	1.693.155	2,39%	23,18%
Orka FIVE . . . . .	1.826.330	2,53%	3.877.710	5,48%	-52,90%
	<b>72.270.793</b>	<b>100,00%</b>	<b>70.710.785</b>	<b>100,00%</b>	<b>2,21%</b>



toppþrýsting og vermi nálægt 1850 kJ/kg. Hóla RN-26 er einnig blaut hola og gæti hún gefið nálægt 11 MWe í rafmagnsframleiðslu við 40 bar-g toppþrýsting og 1540 kJ/kg vermi.


Hóla RN-27 er blaut í botni, en ekkert vatn skilaði sér til yfirborðs í blásturprófinu og virkar hún því eins og hrein gufuhola gagnvart rafmagnsframleiðslu. Samkvæmt blástursprófinu gæti hún gefið 19 MWe í rafmagnsframleiðslu við 45 bar-g toppþrýsting og 2800 kJ/kg vermi. Hóla RN-28 er hrein gufuhola og samkvæmt blástursprófinu ætti hún að geta gefið 19 MWe í rafmagnsframleiðslu við 44 bar-g toppþrýsting og 2800 kJ/kg vermi. Niðurstöður blástursprófanna sýna að holur RN-27 og RN-28 eru með afmestu vinnsluholum á Reykjanesi og sömuleiðis eru holur RN-25 og RN-26 frekar afmiklar.

## RAFORKUFRAMLEIÐSLA

### Svartsengi

Framleiðsla gufuhverfils #11 (30 MW) var um 259,43 GWst sem er um 98,5% nýting ástimplaðs afls. Hverfillinn var yfirfarinn á tímabilinu 4. til 21. september. Gufuhverfill #3 (6 MW) framleiddi um 46,1 GWst, sem er um 87,5% nýting ástimplaðs afls. Hverfillinn var yfirfarinn á tímabilinu 1. til 13 júní. Sameiginleg nýtni ástimplaðs afls sjö Ormat hverfla (1,2 MW x 7) var um 76,04%, sem er um 1,27% lækkun frá 2007.

Heildarraforkuframleiðsla gufuhverfla í Svartsengi var á árinu



2008 um 523,45 GWst, sem er um 58,5% meiri framleiðsla en 2007, sem skýrist af tilkomu 30 MW gufuhverfils orkuvers 6, sem framleiddi á árinu um 204,8 GWst.

### Reykjanes

Í Reykjanesvirkjun eru tveir 50 MW eimsvalagufuhverflar, sem eru einstakir í jarðhitaíðnaðinum því í gegnum eimsvala þeirra og

## VINNSLA ÚR BORHOLUM VAR EFTIRFARANDI (millj. tonn):

### SVARTSENGI

	2008	2007	Breyting %
HSH- 7	1,532	1,502	1,99%
HSH- 8	1,595	1,606	-0,70%
HSH- 9	1,491	1,682	-11,38%
HSH-10	0,938	0,874	7,35%
HSH-11	2,017	1,863	8,27%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,125	0,149	-16,55%
HSH-16	0,933	0,582	60,43%
HSH-18	1,223	0,843	45,15%
HSH-19	1,132	0,695	62,86%
HSH-20	0,786	0,443	77,18%
HSH-21	1,479	0,185	698,03%
HSH-22	0,493	0,000	
HSH-23	0,075	0,000	
	<b>13,819</b>	<b>10,426</b>	<b>32,55%</b>
HSH-5/6/12/17; niðurdæling	( 6,075 )	( 4,716 )	28,82%
<b>Heildarvinnsla úr svæðinu</b>	<b>7,744</b>	<b>5,710</b>	<b>35,63%</b>

### REYKJANES

	2008	2007	Breyting %
RN-10	0,496	1,741	-71,51%
RN-11	2,220	2,321	-4,35%
RN-12	2,653	2,466	7,58%
RN-13	1,059	0,000	
RN-14	0,591	0,580	1,90%
RN-15	0,715	1,305	-45,21%
RN-18	0,999	1,450	-31,10%
RN-19	1,002	1,450	-30,90%
RN-20	0,000	0,000	
RN-21	2,005	2,669	-24,88%
RN-22	2,507	3,104	-19,23%
RN-23	3,007	3,626	-17,07%
RN-24	2,005	2,495	-19,64%
RN-25	0,000	0,000	
RN-26	0,000	0,000	
RN-27	0,104	0,000	
	<b>19,363</b>	<b>23,207</b>	<b>-16,56%</b>
Niðurdæling	0,000	0,000	
<b>Heildarvinnsla úr svæðinu</b>	<b>19,363</b>	<b>23,207</b>	<b>-16,56%</b>

kæla er dælt svölum sjó fengnum úr borholum nærri stönd og vegna þess hversu hár gufubrústingurinn er inn á hverfilhjólín. Gufuhverfill #1 framleiddi 432,428 GWst, sem er um 98,46% nýting ástimplaðs afls. Gufuhverfill #2 framleiddi 432,0 GWst, sem er um 98,36% nýting ástimplaðs afls. Heildarframleiðsla Reykjanesvirkjunar árið 2008 var því 864,434 GWst, sem er aukning um 15 GWst frá árinu 2007. Sameiginleg nýting á ástimpluðu afli gufuhverfla Reykjanesvirkjunar var um 98,41%

Eiginraforkunotkun orkuvera, ásamt raforkunotkun dælustöðv- ar á Fitjum og grunnvatnsveitu var samtals um 63,5 GWst.

### Kalka

Framleiðsla gufuhverfils í sorpeyðingarstöðinni Köllu nam um 0,61 GWst, sem er minnkun um 55% milli ára.

### Rekstrartruflanir gufuhverfla

Heildarfjöldi rekstrartruflana, skráð í viðhaldskerfið DMM var 131 á árinu þar af 109 í Svartsengi og 22 á Reykjanesi. Í 77 tilvikum (59%) urðu óvæntar rekstrartruflanir, og í 54 tilfellum (41%) var um fyrirfram skipulagðar skoðanir og lagfæringar að ræða. Með skipulögðu inngripi er hér átt við að aðgerðir sem skipulagðar hafa verið með a.m.k. 24 klst. fyrirvara.

Flestar rekstrartruflanir eða 122 ollu hvorki skaða á fólki, umhverfi né búnaði. Í 9 tilvikum kom fram bilun í búnaði.

Algengustu orsakir rekstrartruflana voru vegna stjórnkerfa (34 tilvik), atburða utan stöðvar (26 tilvik), náttúrufars (15 tilvik),

gufuveitu (14 tilvik), og vegna skipulagðs viðhalds vélbúnaðar (14 tilvik).

Á árinu 2008 var rekstrarhæfni gufuhverfla á fullu afli í Svartsengi og á Reykjanesi á bilinu 85,94% - 99,11% og vegið meðaltal m.t.t. uppsetts afls allra hverfla 97,83%. Sé einvörðungu tekið mið af óvæntum truflunum er rekstrarhæfni hverflanna á fullu afli á bilinu 92,05% - 100% og vegið meðaltal 99,77%.

### YFIRLIT REKSTRARTRUFLANA 2008

Svæði	Lengd truflana mínútur	Orkuskerðing truflana MWst
Reykjanes . . . . .	22	26.158
Svartsengi . . . . .	109	227.039
Heild . . . . .	131	253.197



### ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2008

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Reykjanes- bær	Grinda- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samt.
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir . . . . .	158.539	12.677	9.875	11.782	5.895	0	198.768
Rúmmál tengdra húsa - annað . . . . .	66.984	43.186	2.703	0	0	0	112.873
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir . . . . .	0	-490	0	0	0	0	-490
Rúmmál aftengdra húsa - annað . . . . .	-7.311	0	-6.951	-4.485	0	0	-18.747
	<b>218.212</b>	<b>55.373</b>	<b>5.627</b>	<b>7.297</b>	<b>5.895</b>	<b>0</b>	<b>292.404</b>
Sala um mæla húsh.(m³) . . . . .	195.696	103.495	471.922	6.483	5.929	-118	783.407
Sala til sundlauga (m³) . . . . .	185.162	94.913	48.874	74.858	31.283	0	435.090
Sala um mæla iðnaðanota(m³) . . . . .	72.127	82.558	24.591	7.310	9.288	0	195.874
Sala til sérstakra iðnaðarnota (m³) . . . . .	12.221	42.067	0	127.200	23.556	15.260	220.304
	<b>465.206</b>	<b>323.033</b>	<b>545.387</b>	<b>215.851</b>	<b>70.056</b>	<b>15.142</b>	<b>1.634.675</b>
Sala á ferskvatni (m³) * . . . . .	3.087.874	1.261.440	621.604	576.830	412.365	53.084	6.013.197
Sala um hemla 1.1.2008 l/m . . . . .	13.470	3.185	1.860	1.427	1.118	124	21.184
Sala um hemla 31.12.2008 l/m . . . . .	14.693	3.340	1.915	1.501	1.136	125	22.710
Viðbætur 2008 % . . . . .	9,08%	4,87%	2,96%	5,19%	1,61%	0,81%	7,20%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

\* Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalin.

## GRUNNVATNS- OG JARÐHITAEILD

Grunnvatns og jarðhitadeild (GOJ) var sett á laggirnar innan HS hf í byrjun árs 2008. Hvatinn var stefnumörkun HS hf, aukinn rekstur orkuvera og að í starfslið höfðu bæst jarðvísindamenn. GOJ er í reynd starfshópur sem heldur utan um rannsóknar- og þróunarstarfssemi HS hf, kemur að undirbúningi nývirkjana og að rekstri jarðhitasvæðanna sem HS hf hefur til umráða.

Helstu verkefni á árinu snéru að gufuöflun, styrkingu niðurdælingar, förgun Bláalónsvökva, stýringu rannsókna á nýjum jarðhitasvæðum, þátttöku í þróunarverkum, rekstrarverk, gerð frummatsskýrslu fyrir stækkun Reykjanesvirkjunar og undirbúningur fyrirspurna um matsskyldu rannsóknarborana.

Vegna gufuöflunar voru boraðar tvær holur (SVA-22 og SVA-23) í Svartsengi sem stefnt var skáhalt inn í gufupúðann þar. Tvær holur (REY-27 og REY-28) voru stefnuboraðar á Reykjanesi í gufupúða sem þar er að myndast. Þar er þrýstingur í gufupúðanum um tvöfalt hærri en almennt er í gufusvæðum í heiminum og því vandasamt verk. Auk þess var hola REY-17 endurunnin með því að stefnubora út úr henni neðan vinnslufóðringar til suðsuðvesturs. Sú hola kemur til með að stækka vinnslusvæði Reykjanesvirkjunar töluvert (35%). Í borverkinu voru prófuð kjarnaborunartæki sem verið er að þróa fyrir djúpborunarverkefnið IDDP. Kjarni var tekinn á 2.600 m dýpi með 100% heimtu og má skoða hluta hans á sýningunni „Orkuver Jörð“. GOJ gerði hönnunarforsendur fyrir öll borverk



HS, sá um eftirlit með boruninni og kom að afkastamati holanna. Til að auka niðurdælingu í Svartsengi var stefnuboruð hola SVA-24 af borteig SVA-17, sem hefur verið notuð til niðurdælingar í 7 ár. Jafnframt var niðurdæling undirbúin á Reykjanesi með því að endurvinnna holu REY-20 og stefnubora út úr henni neðan 1.200 m dýpis til suðausturs í sprungusvæði sem þar sést á yfirborði. Auk ofangreindra borverka lét HS hf í samvinnu með Orkuveitu Reykjavíkur (OR) stefnubora 2.505 m holu í jarðhitasvæðið hjá Klausturhólum í Grímsnesi. Markmiðið var að skoða djúphita í jarðhitakerfinu með möguleika á rafmagnsframleiðslu, koltvísyringsvinnslu og hitaveitu.

Staðsett var grunn skáboruð hola við norðurjaðar Bláa lónsins til að gera tilraun með förgun lónvatns, þar sem ferskvatni er blandað við það til að hefta útfellingar. Tilraunin lofar góðu og eru frekari aðgerðir í undirbúningi til að farga lónvatninu og hefta frekari útbreiðslu Bláa lónsins.

Á vegum HS hf gerði ÍSOR jarðfræðirannsóknir á Krýsuvíkursvæðinu auk mælinga á viðnámi (TEM og MT), GPS-landmælingar og þyngdarmælingar. Þá voru viðnámsmælingar við Eldvörp þéttar og kannað hvort hægt væri að fá marktækar MT-mælingar á Reykjanesi. Á báðum þessum svæðum er HS hf með rannsóknarleyfi. Úrvinnsla er í gangi fyrir Krýsuvík, en að mestu lokið fyrir Eldvörp. Gengið var frá jarðfræðikorti fyrir Eldvörp. Þá sýna niðurstöður MT-mælinganna að svokallað „neðra lágviðnámslag“ finnst ekki á Reykjanesi. Þó má greina frávik þar sem álitleg jarðhitakerfi geta verið.

HS hf er þátttakandi í mörgum þróunarverkum. Þannig kemur HS hf að íslenska djúpborunarverkinu (IDDP) og leggur m.a. til einn af verkefnastjórum þess. Þá á HS hf hlutdeild í verkefni um hönnun háhitaholna á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar (NMÍ), efnis-tæringu, þróun hverfillblaða og hreinsun hverfla í vinnslu með Fuji, nýtingu CO<sub>2</sub> með Carbon Recycling International (CRI), og förgun

Flugv. svæði	Samtals	Vestmanna-eyjar	Samtals
0	198.768	0	198.768
790	113.663	6.328	119.991
0	-490	0	-490
-4.775	-23.522	-290	-23.812
<b>-3.985</b>	<b>288.419</b>	<b>6.038</b>	<b>294.457</b>
15	783.422	850.018	1.633.440
0	435.090	38.190	473.280
355	196.229	412.553	608.782
0	220.304	0	220.304
<b>370</b>	<b>1.635.045</b>	<b>1.300.761</b>	<b>2.935.806</b>
729.133	6.742.330	685.413	7.427.743
6.170	27.354	0	27.354
6.005	28.715	0	28.715
-2,67%	4,98%	0,00%	4,98%

**BREYTINGAR Í DREIFIKERFI 2008**

**Hitaveituedeild**

Staður	DREIFIKERFI			INNÞÖK		
	Lengd 31.12.07 metrar	Viðbætur 2008 metrar	Lengd 31.12.08 metrar	Fjöldi 31.12.07 stk.	Viðbætur 2008 stk.	Fjöldi 31.12.08 stk.
Keflavík . . . . .	89.820	1.711	91.531	2.101	23	2.124
Grindavík . . . . .	50.192	392	50.584	923	15	938
Njarðvík . . . . .	73.012	2.239	75.251	1.267	133	1.400
Sandgerði . . . . .	33.766	236	34.002	551	11	562
Garður . . . . .	30.004	1.196	31.200	518	13	531
Vogar o.fl. . . . .	20.073	47	20.120	362	5	367
Hafnir . . . . .	3.189	0	3.189	48	0	48
Keflavíkurlflugvöllur . . . . .	64.143	-152	63.991	281	-1	280
Flugstöðvarvæði . . . . .	6.765	55	6.820	19	1	20
<b>Samtals</b>	<b>370.964</b>	<b>5.724</b>	<b>376.688</b>	<b>6.070</b>	<b>200</b>	<b>6.270</b>

Heildarlengd á pípum í kerfinu er nú um 377 km. Á Keflavíkurlflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi, einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispipur 6.184 metrar. Lenging lagna í dreifikerfinu var 1,5% á árinu 2008 (var 4,5% 2007). Inntökum fjölgaði um 3,3% á árinu 2008 (var 5,4% 2007)

**BREYTINGAR HEMLAR OG MÆLAR 2008**

**Hitaveituedeild**

Staður	HEMLAR			MÆLAR		
	Fjöldi 31.12.07 stk.	Breyting 2008 stk.	Fjöldi 31.12.08 stk.	Fjöldi 31.12.07 stk.	Breyting 2008 stk.	Fjöldi 31.12.08 stk.
Keflavík og Njarðvík . . . . .	3.753	132	3.885	92	4	96
Grindavík . . . . .	932	14	946	54	3	57
Sandgerði og Flugstöðvarvæði . . . . .	577	14	591	33	1	34
Garður . . . . .	526	26	552	19	-2	17
Vogar . . . . .	365	7	372	9	1	10
Hafnir . . . . .	48	0	48	2	0	2
Keflavíkurlflugvöllur . . . . .	276	0	276	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>6.477</b>	<b>193</b>	<b>6.670</b>	<b>209</b>	<b>7</b>	<b>216</b>



*Vertu rjóð,  
inn í hitanum góð.  
Ekki vera óð,  
þó ég hafi blandað öllu saman í  
þvottavélina þar sem hún stóð.*

V.S.J.

CO<sub>2</sub> í jarðlög með OR, HÍ, og Century Aluminium. Lögð voru drög að verkefni með Jarðborunum að þróun tækjabúnaðar til hreinsunar háhitaborholna í blæstri sem verður prófaður 2009. Vegna niðurdælingar á Reykjanesi fór HS hf í samstarf með aðilum frá háskólanunum Wisconsin-Madison í Bandaríkjunum, HR og HÍ um að setja upp skjálftamælinet á Reykjanesi til að fylgjast með hvort niðurdæling hefði áhrif á spennusvið jarðlaga. HS hf styrkir doktorsnemann Vigdís Harðardóttur, sem rannsakar útfellingar og útfellingarferli í jarðhitakerfinu á Reykjanesi við háskóla í Kanada og fylgist GOJ með áhugverðu verkefni hennar, sem eykur skilning á jarðhitakerfinu og á hvern hátt það tengist jarðhitakerfum á plötu-skilum úthafanna. Einnig hafa efnilegir íslenskir nemendur í námi innanland og utan fengið eins konar starfsþjálfun í orkuverunum undir leiðsögn Hreins Halldórssonar viðhaldsstjóra HS hf og GOJ.

Vegna uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf samkvæmt lögum í veitu- og orkufyrirtæki var sett fram tillaga að aðferðafræði við verðmat á jarðhitaauðlindum í jörðu. Tillagan tekur tillit til gæða jarðhitavökvans til vinnslu, gæfni borholna sem hefur áhrif á stofn-kostnað, viðhald jarðhitakerfisins og landsgæða.

GOJ kom að rekstri jarðhitasvæðanna með að halda utan um eftirlitsmælingar í borholum, eftirlitsathuganir á yfirborði og efnasýnatöku á jarðhitavökvanum. Sérstaklega var fylgst með breytingum á yfirborðsvirkni við Gunnhver á Reykjanesi. Gerður var tafskurður við orkuverið í Svartsengi til að fella kísilefju úr lónvatninu. Þá var séð um ráðgjöf og áhættumat þegar þurfti að skipta um aðalholuloka á tveim holum á Reykjanesi auk lagfæringa á þeim þriðja. Önnur holan var gufuhola með um 50 bar þrýsting á holutoppi.

Mikil vinna fór í gerð matsáætlunar og svo frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Reykjanesvirkjunar. Skýrslunni var ritstýrt af VSÓ ráðgjöf hf, en auk HS hf lögðu ráðgjafar fyrirtækisins fram efni í skýrsluna. Bætt var við rannsóknir á Reykjanesi til að afla efnis í skýrsluna, auk þess sem unnið var úr eftirlitsþáttum sem



eru í gangi með núverandi vinnslu. Í þessu sambandi má nefna athugun á gróðurfari og dýralífi, land- og þyngdarmælingar, breyting í losun jarðhitalofttegunda og efna í affalli, breytinga á hverasvæðinu við Gunnhver, breytingar á hjóðstigi, áhrif á sjávarlíf ásamt ýmsu fleiru. Þá hefur verið óskað eftir breytingum á skipulagi Reykjanesbæjar til að rúma stækkun virkjunar og mögulega þróun í annarri tengdri starfssemi.

Komið var á fót samvinnu við Grindavíkurbæ um framgang verka til að undirbúa rannsóknarboranir í Eldvörpum með virkjun þar í huga. Þar hefur verið óskað eftir breytingum á skipulagi til að rúma þær hugmyndir. Einnig var myndaður samstarfshópur með Skipulags- og byggingarnefnd Hafnarjarðarbæjar til að undirbúa rannsóknarborun í Krýsuvík. Gerð voru drög að fyrirspurn um matsskyldu rannsóknarboranna á báðum þessum svæðum.

## VATNSDEILD

### SUÐURNES

#### Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 5,7 km dreifikerfis og 2 km stofnæða en lengd dreifikerfisins er nú um 376,7 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 65,3 km og lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er um 442 km. Endurnýjun eldri lagna var um 1,3 km.

Lagt var inn í 209 hús á árinu, en 9 hús aftengd. Inntökum fjölgaði því um 200 á árinu og fjöldi inntaka í árslok var þá orðinn 6.270. Hemlagrindur voru 6.670 og mælagrindur 216 eða samtals 6.886 hemla og mælagrindur. Stærsta framkvæmdin var stofnæð

í Keflavík, milli Skólavegar og Vesturgötu, 2 km af 200 og 250mm pípu. Pípan var lögð um væntanlegt Hlíðahverfi, ofan lðavalla og endar í brunni efst á Vesturgötu.

#### Stærstu verk í einstökum sveitarfélögum voru:

- Reykjanesbær; götulagnir í 1. áfanga Hlíðahverfis og tengingar húsa.
- Grindavík; tengingar húsa.
- Sandgerði; Austurgarður, endurnýjun og tengingar húsa.
- Garður; götulagnir í Brimklöpp, Asparteigi, Berjateigi, og hluta Klapparáss og pípa að hverfinu frá Garðbraut.
- Vogar; tengingar húsa.



Unnið var við viðhald brunna og málun útloftana. Áburður og grasfræ var borið á valin stofnæðasvæði. Fyrri hluta árs skemmdust þök á þremur miðlunargeymum í óveðrum, þ.e. einum geymi á Fitjum, bakrennslisgeymi á Keflavíkurlflugvelli og Grindavíkurgeymi. Þessi þök voru lagfærð á árinu.

Gerðar voru 5.648 verkbeiðnir, flestar vegna ýmissar þjónustu vatnsdeildar-hitaveitu 2.184 og notendaskipta 2.149 og breytingar á vatnsskammti 371. Á árinu voru skoðaðar 3.071 grindur sem er 45% af heildarfjölda grinda, en þær voru alls 6.886 í árslok. Í lagi reyndust 1.323 grindur eða 43% skoðaðra grinda. Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 392.

### Kalt vatn

Á árinu voru lagðir um 4,1 km dreifikerfis og tengd 158 hús í Reykjanesbæ, 22 í Garði eða alls 180 hús. Í árslok voru kaldavatnsheimæðar 4.218, í Reykjanesbæ 3651 og í Garði 567. Lokið var við byggingu dælustöðvar í Vogavík, við Stofnfisk og lagningu aðveituæðar að Vogum. Aðveituæðin er um 1 km að lengd og 280mm í þvermál. Lokið var við stofnæð að Dalshverfi í Njarðvík, þ.e. í gegnum vegsvæði Reykjanesbrautar og æðin tekin í árslok.

### Stærstu verkefni í sveitarfélögunum voru:

- Reykjanesbær; tengingar húsa og endurnýjun lagna í Grundarvegi og Suðurgötu, milli Skólavegar og Vatnsnesvegur.
- Garður; götulagnir í Brimklöpp, Asparteigi, Berjateigi, Fjörukllöpp og hluta Klapparáss.

Unnið var við viðhald á 38 heimæðum í Keflavík, 4 í Njarðvík og 9 í Garði. Einnig voru málaðir brunahanar í Reykjanesbæ og Garði.

## VESTMANNAEYJAR

### Hitaveita

Lögð var hitalögn frá Stóragerði að Litlagerði og nokkur hús voru tengd hitaveitu. Fjórar bilanir urðu á árinu en um var að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst í flest öllum tilfellum. Nokkur rafkynnt hús skiptu úr rafkyndingu í hitaveitu á árinu en lítið var um mælaskipti á árinu miðað við undanfarin ár.

Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða, heldur gert við þegar þurfa þykir. Skipt var um nokkrar lofttúður og stiga í brunnum.

Töluverðar rekstrartruflanir voru í kyndistöðinni á árinu. Tvisvar var farið inn í rafskautaketilinn og voru skautin mjög brunnin. Allir varmaskiptarnir voru teknir í gegn, skipt um plötur og pakkningar.

Tekið var á móti 274,8 tonnum af úrgangsolíu og 249,5 tonn brennd af grunnolíu.

### Vatnsveita

Þrjár bilanir urðu á árinu á stofnæð frá lind til sjávar. Unnið var við að styrkja varnargarð upp sandinn frá dælustöð.

Nokkrar undirstöður undir dælustöðinni á Landeyjasandi voru steyptar upp. Höfðu undirstöðurnar látið á sjá vegna sandfoks.

## RAFORKA

### DREIFING OG NOTKUN 2007 - 2008

KWst

	Alm.taxtar	Hitataxtar	Aftataxtar	Samtals
Suðurnes 2008 . . . . .	118.812.582	3.276.231	61.641.539	183.730.352
Suðurnes 2007 . . . . .	115.578.837	3.839.549	54.847.609	174.265.995
Breyting % . . . . .	2,80%	-14,67%	12,39%	5,43%
Hafnarfjörður 2008 . . . . .	131.260.936	1.070.192	23.444.440	155.775.568
Hafnarfjörður 2007 . . . . .	124.615.479	1.183.241	17.337.369	143.136.089
Breyting % . . . . .	5,33%	-9,55%	35,22%	8,83%
Vestmannaeyjar 2008 . . . . .	24.740.314	6.164.883	10.734.350	41.639.547
Vestmannaeyjar 2007 . . . . .	25.563.286	5.953.431	9.660.060	41.176.777
Breyting % . . . . .	-3,22%	3,55%	11,12%	1,12%
Árborg 2008 . . . . .	31.501.807	587.360	15.902.570	47.991.737
Árborg 2007 . . . . .	29.551.280	600.775	15.675.150	45.827.205
Breyting % . . . . .	6,60%	-2,23%	1,45%	4,72%
Samtals 2008 . . . . .	306.315.639	11.098.666	111.722.899	429.137.204
Samtals 2007 . . . . .	295.308.882	11.576.996	97.520.188	404.406.066
Breyting % . . . . .	3,73%	-4,13%	14,56%	6,12%
% af heild . . . . .	49,41%	1,79%	18,02%	69,22%



Nýr Toyota pallbíll var keyptur í staðinn fyrir Mitsubishi pallbíll, sem ekki þoldi álagið á sandinum.

Ný 8 tommu neðansjávarvatnslögn var lögð milli lands og Eyja. Kapalskipið Henry P. Lading kom frá Danmörku til Eyja rétt fyrir miðnætti 2. júlí í slæmu veðri og lá í vari við Landeyjasand um nóttina. Um borð í skipinu var á einu kefli 12.566 metrar af leiðslu en skipið kom til hafnar í Eyjum þann 3. júlí. Að morgni 7. júlí var leiðslan tekin í land á Landeyjasandi og gekk það verk vel, veður var mjög gott, logn og ládaður sjór. Vegna of mikils sjávarstraums var ekki lagt af stað til Eyja fyrr en síðar um daginn. Aðfaranótt 9. júlí var leiðslan tekin á land í Skansfjöru. Í lok ágúst var leiðslan síðan tengd og vatn fór að renna til Eyja um nýju leiðsluna.

Pegar nýja leiðslan var tengd þá var 7 tommu leiðslan frá árinu 1971 aflögð. Leiðslan frá 1968 er enn í notkun.

Frá Skansi út að tengipunkti Skansfjöru voru lagðar tvær plastpípur, 250mm og 140mm. Lögð var stofnlögn frá Stóragerði að Litlagerði. ESA eftirlitsnefnd EFTA tók út vatnsveituna í Eyjum rétt fyrir jól 2007. Skýrsla kom út um vorið og fékk vatnsveitan ágætis einkunn. Sex bilanir urðu í dreifikerfinu á árinu.

Tekin voru regluleg sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð, öll sýni voru fullkomlega heilnæm.

Ný heimtaug ásamt nýrri rafmagnstöflu var komið upp í Hrafnaklettum.

1,27% meira af vatni var dælt til Vestmannaeyja á árinu miðað við árið 2007. Sjálfrennslí jókst um 60% við tengingu nýju 8 tommu



neðansjávarvatnsleiðslunnar (7 tommu leiðslan aftengd). Fór sjálfrennslí úr 19 l/sek í 32 l/sek. Rafmagnsnotkun á dætur minnkaði um 53 % milli árana 2007 og 2008.


Ef árið 2003 er borið saman við 2008 þá kemur eftirfarandi í ljós. Árið 2003 var 805.020 m<sup>3</sup> dælt og 607.653 kWst notaðar (0,75 kWst/m<sup>3</sup>). Árið 2008 var 919.808 m<sup>3</sup> dælt og 145.320 kWst notaðar (0,16 kWst/m<sup>3</sup>)

	Ótryggð sala	Götulýsing	Samtals	Eigin not	Töp o.fl.	Samtals
Suðurnes 2008 . . . . .	7.135.807	1.896.215	192.762.374	63.462.560	9.797.147	266.022.081
Suðurnes 2007 . . . . .	9.675.344	3.704.214	187.645.553	49.632.404	8.853.016	246.130.973
Breyting % . . . . .	-26,25%	-48,81%	2,73%	27,87%	10,66%	8,08%
Hafnarfjörður 2008 . . . . .	3.451.699	5.195.508	164.422.775	0	9.187.005	173.609.780
Hafnarfjörður 2007 . . . . .	3.873.131	4.902.389	151.911.609	0	10.430.668	162.342.277
Breyting % . . . . .		5,98%	8,24%		-11,92%	6,94%
Vestmannaeyjar 2008 . . . . .	70.340.574	1.002.000	112.982.121	0	3.545.251	116.527.372
Vestmannaeyjar 2007 . . . . .	71.997.168	936.661	114.110.606	0	2.818.391	116.928.997
Breyting % . . . . .		6,98%	-0,99%		25,79%	-0,34%
Árborg 2008 . . . . .	12.532.564	1.299.289	61.823.590	0	1.948.558	63.772.148
Árborg 2007 . . . . .	12.659.575	1.156.836	59.643.616	0	3.242.822	62.886.438
Breyting % . . . . .	-1,00%	12,31%	3,65%		-39,91%	1,41%
Samtals 2008 . . . . .	93.460.644	9.393.012	531.990.860	63.462.560	24.477.961	619.931.381
Samtals 2007 . . . . .	98.205.218	9.543.264	512.154.548	49.632.404	22.102.075	583.889.027
Breyting % . . . . .	-4,83%	-1,57%	3,87%	27,87%	10,75%	6,17%
% af heild . . . . .	15,08%	1,52%	85,81%	10,24%	3,95%	100,00%

Föstudaginn 4. júlí var opnuð sögusýning í dæluhúsinu Skansi, til að fagna því að 40 ár voru síðan ferskt lindarvatn fór að renna milli lands og Eyja. Sýningin var hluti af goslokaafmælinu sem haldið var upp á helgina 3. - 7. júlí. Júlíus Jónsson forstjóri og Ívar Atlason tæknifræðingur héldu stutt ávörp og síðan opnaði Eygló Elíasdóttir sýninguna formlega. Eygló fæddist 20. júlí 1968, sama dag og vatn fór að renna til Eyja í fyrsta sinn.

Fyrir sýninguna hafði dæluhúsið verið lagfært og málað, aðgengi lagfært og settur upp gosbrunnur. Á sýningunni var sögu veitunnar gerð skil ásamt stækkuðum ljósmyndum eftir Sigurgeir Jónasson. Ljósmyndir voru einnig láttnar rúlla á flatskjá, myndir frá núverandi og fyrrverandi starfsmönnum. Kvikmynd var sýnd sem var í raun og veru, tvær kvikmyndir samansettar. Önnur var tekin af framleiðslu og lagni fyrstu leiðslunnar 1968 af JD Contractor og hin var frá RÚV. Sett var upp líkan sem sýndi hvernig Eyjamenn söfnuðu rigningrvatni ásamt ýmsum hlutum tengdum vatnsveitunni. Sýninguna sóttu hundruð manna og kvenna enda margt fólk í bænum. Sýningin var síðan opin tvær auka helgar í júlí.

**NÝLAGNIR 2001 - 2008.**



**RAFMAGNSDEILD**

**SUÐURNES**

Árið 2008 var með svipuðu móti og árið 2007 sem fólst í áframhaldandi uppbyggingu rafdreifikerfisins. Mest kvað að endurnýjun dreifikerfisins á Vallarheiði þar sem unnið var að fyrsta áfanga aðlögunar að íslensku 50Hz úr 60Hz amerísku kerfi.

**Dreifing háspennu**

Lagðir voru 18,5 km af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helstu verkefni voru strengur frá Hólamiðum að flugstöðinni og áfram að Helguvík tæpir 5 km, með þeirri tengingu eru orðnar tvær mögulegar tengileiðir inná flugstöðvarvæðið sem var orðið nauðsynlegt vegna mikilvægi svæðisins. Um 1,4 km voru lagðir að flugstöðinni þegar ný 2,5 MW dísilstöð var tekin í notkun, en hún mun fara sjálfvirk í gang við bilun á rafdreifikerfinu. Einnig voru lagðir 9 km á Vallarheiði vegna endurnýjunar og breytingar í 50 Hz. Innri og ytri skoðanir voru framkvæmdar samkvæmt áætlun og lagfæringar eftir skoðanir drifnar áfram með aðstoð rafverktaka. Reiknað er með að starfsmenn HS Veitna hf ráði vel við það verkefni árið 2009.

Settar voru upp 8 nýjar dreifistöðvar á Vallarheiði ásamt búnaði í riðbreytistöð. Tvær dreifistöðvar voru settar upp í Reykjanesbæ, önnur við Hólamið og hin við kirkjugarðinn nálægt Helguvík. Bráðabirgðatenging á háspennu var lögð að álverslößinni í Helguvík.

**Dreifing lágspennu**

Helstu verkefni í lágspennukerfinu voru einnig á Vallarheiði en þar voru lagðir yfir 10 km af stofn- og heimtaugarstrengjum. Hverfin sem lagt var í eru 1100 hverfið og iðnaðarhverfið. Lagt verður í 1200 hverfið árið 2009. Önnur verkefni voru helst að verið var að ljúka verkefnum frá fyrra ári, sem voru helst Dalshverfi I, Hlíðarhverfi og Flugvellir í Reykjanesbæ og svo var lagt í fyrsta áfanga Klappa- og Teigahverfis í Garði. Gatnalýsingin var sett á mælingu á Suðurnesjum á árinu með örfáum undantekningum í dreifbýli þar sem enn er reiknað útfrá uppsettu aflí.

Alls voru tengdar 266 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af voru 19 200A eða stærri. Tengdar voru 102 vinnuheimtaugar. Skoðanir á nýjum virkjum og virkjum í rekstri hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun. Þrif og minna eftirlit í aðveitustöðvum og dreifistöðvum hafa reynst mjög vel varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir og almennt viðhald virkja.

**Rekstrartruflanir**

Skráðar rafmagnstruflanir sem höfðu útkall í för með sér á Suðurnesjum voru 48 á árinu, flestar þeirra voru bilanir í húsum notenda (lekaliði/stofnvör) og annað minniháttar bilanir í dreifikerfi. Helstu bilanir á rafkerfi HS á Suðurnesjum voru að Hafnarlína sló út tvisvar vegna bilunar og einnig var hún gerð spennulaus tvívegis vegna háflutninga. Spennir bilaði í Norðurhópi vegna innri bilunar/galla. Talsvert var um bilanir á 60Hz kerfinu á gamla varnarsvæðinu.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Dreifing háspennu

Lagðir voru 14.900 metrar af 12 kV háspennustreng á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2008. Í iðnaðarhverfið Hellnahraun III voru lagðir 2.600 m, á Völlum 7 voru lagðir 4.900 m og í Urriðaholt í Garðabæ voru lagðir 1.930 m af 12 kV háspennustreng. Þá voru lagðir 900 m af 12 kV streng að íþróttasvæði Kvartmíluklúbbssins. Settar voru upp samtals tíu nýjar dreifistöðvar á árinu, þar af níu í Hafnarfirði og ein í Garðabæ. Skoðanir á dreifistöðvum voru samkvæmt áætlun og var unnið við lagfæringar í þeim eftir því sem tími vannst til.

### Dreifing lágspennu

Lagðir voru um 54.000 m af 1 kV dreifistrengjum á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2008 og af þeim fóru 11.100 m í Iðnaðarhverfið Hellnahraun III. Lagt var dreifikerfi í eftirtalin svæði: Vellir 7, Fluguskeið í hesthúshverfinu í Hafnarfirði, Urriðaholtshverfi í Garðabæ, seinni hluta sumarhúshverfisins í Sléttuhlíð í Hafnarfirði og einnig voru dreifikerfin í Fögurukinn og Hamarsbraut endurnýjuð um leið og göturnar voru endurbyggðar ásamt öllum lögnum. Einnig var lagður notendastrengur að skotsvæðinu við Iðavelli.

Samtals voru tengdar 369 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 278 og vinnuheimtaugar 91. Árið 2007 voru aðalheimtaugar 271 og vinnuheimtaugar 236 og hefur þeim því fækkað um 61% milli ára.

### Rekstrartruflanir

Rekstrartruflanir á 12 kV kerfinu í Hafnarfirði urðu samtals fimm sinnum. Tvisvar sinnum varð truflun á háspennukerfinu þegar grafið var í jarðstrengi og tvisvar sinnum varð truflun vegna bilana í jarðstrengjum. Í bæði skiptin urðu nokkrar dreifistöðvar straumlausar, yfirleitt í stutta stund á meðan rafmagni var hleypt á aftur eftir öðrum leiðum. Ein truflunin varð vegna útleysingar sem stafaði af mistökum í merkingum á háspennurofum.

## VESTMANNAEYJAR

### Dreifing lágspennu

Endurnýjaðar voru raflagnir í Fjólugötu og 18 húsum spennubreytt. Byrjað var að ganga frá lögnum vegna stækkunar í Litlagerði, þar á að byggja 4 einbýlishús. Einnig voru reistir 10 ljósastaurar.

Nýframkvæmd í gatnalýsingu var lýsing við Skólaveg og Vesturveg, í kringum nýbyggingu hússins Baldurshaga.

Nýtt eldvarnarkerfi var lagt í Kyndistöð. Gengið var frá nýrri aðaltöflu í Hrafnaklettum og lagðar nýjar lagnir að dælum og rennismælum. Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennismælum fyrir hita- og vatnsveitu.

Skipt var um 6 götuskápa víða um bæinn. Unnið var að endur-



nýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærast og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem voru teknir niður var hægt að endurnýja. Bilanir á heimtaugum voru 4 og nýjar heimtaugar voru 3 á árinu, ein af þeim var 900A. Endurnýjaðir voru 72 sölumælur á árinu.

Í lágspennukerfi stendur til að halda áfram með endurnýjun gamalla olústrengja og götukassa og klára lagnir í Litlagerði og ganga frá lýsingu á Eiði og Kleifum.

### Dreifing háspennu

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Í dreifistöðvum 34, Vesturvegur, og 62, Olnbogi, var allur búnaður endurnýjaður, spennir, háspennufelt og lágspennufelt ásamt lágspennutöflu. Skipt var um hurð og loftristar á einni stöð.

Dreifistöð 19, Gagnfræðaskóli, var klædd að utan og gengið frá nýju þaki. Gengið var frá einni nýrri MÖRE dreifistöð út á Eiði vegna frystiklefa sem Vinnslustöð VM var að byggja og vegna vatnsátöppunarverksmiðju.

Á næsta ári þarf að byggja upp lágspennufelt í þremur dreifistöðvum, þar sem nú er gamalt og úrelt efni. Þá hefur athugasemd komið á þessar dreifistöðvar frá Skoðunarstofu. Vegna uppbyggingar á útisvæði við Íþróttamiðstöðina þarf að færa spennistöð sem er í kjallara hússins og leysir ný MÖRE stöð hana af hólm.

Fyrirhugað er að endurnýja háspennustrenginn frá dreifistöð 03, Bessastíg, að 00, Kyndistöð.

### Rekstrartruflanir

Í upphafi árs brunnu 8 götuskápar sem voru staðsettir vestast á Heimaey. Aðrar rekstrartruflanir urðu ekki á árinu.

## ÁRBORG

### Nýlagnir

Lagðar voru lagnir í Álalæk, Hagalandi, en þar eru 18 lóðir fyrir fjölbýlishús. Á Árbakkanum var byrjað á nýju hverfi og 28 lóðir teknar fyrir í þessum áfanga. Samtals voru 59 veitur tengdar við veitukerfið en skammtímatengingar voru 12 á árinu.

Sett var upp ný 630 kVA dreifistöð við Hagalæk og 800 kVA dreifistöð við Gagnheiði 17, en stöðin sem var inn í húsinu, aflögð. Ný 1600 kVA dreifistöð sett upp í Ósabatnum, sem er svæði upp með Ölfusá um 3 km frá Selfossi. Þar er nýlegt svæði sem virkjað hefur verið fyrir hitaveituna en þar var fyrir 315 kVA bráðabirgðastöð sem var fjarlægð.

Lokið við að leggja 240q háspennustreng á milli dreifstöðva 80024 og 80034 og koma hringtengingu á nokkrar dreifistöðvar.

### Rekstrartruflanir

Þann 13. maí varð bilun í háspennustreng milli dreifstöðva 80003 og 80004 og straumleysi í u.þ.b. þriðjungi af Selfossi í 55 mín. Rafmagn var komið á aftur um hringtengingu. Erfiðlega gekk að finna bilunarstað og leggja þurfti um 100m af háspennustreng fram hjá bilunarstað en ekki var hægt að komast niður á bilunarpunktinn og orsök á strengbilun því óþekkt.

## INNKAUPA- OG BIRGÐAÐEILD

Eins og undanfarin ár fylgir hér með tafla þar sem sjá má þróun erlendra og innlendra innkaupa og umsvifa í starfsemi á birgðageymslum undanfarin ár. Á árinu 2008 voru erlendar pantanir að fjölda til um fjórðungi færri en árið 2007 en að verðmæti dróst innflutningur þó ekki saman nema um rúm 15%. Þar munar mestu um nýja neðansjávarlögn milli Bakkafjöru og Vestmannaeyja en innflutningsverðmæti er um 848 m.kr. eða um 68% af innflutningi ársins. Þá voru fluttir inn rafmagnsspennar og annað rafmagnsefni fyrir um 314 m.kr. sem er um 25% af innflutningi ársins. Í upphafi árs voru áætlanir um verulegar nýframkvæmdir í dreifkerfum og er meginhluti innflutnings á rafmagnsefni þeim tengdur. Minna varð þó úr þessum framkvæmdum þegar upp var staðið og birgðasöfnun því veruleg á árinu eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Innlend innkaup voru einnig mikil megnið af árinu en innlendum pöntunum hafði fækkað úr 858 í 747. Efnisafgreiðslur úr birgðageymslum stóðu þó nánast í stað eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Á árinu voru auglýst ellefu útboð. Þar af voru fjögur útboð auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og tengjast þau öll fyrirhugaðri stækkun á Reykjanesvirkjun. Þau sjö útboð, sem aðeins voru auglýst innanlands, voru m.a. vegna framkvæmda við dælustöð á Njarðvíkuræð, 1. áfanga stofnæðar í Keflavík og Njarðvík, við-

Þann 29. maí gerði feiknaöflugan jarðskjálfta á Suðurlandi. Engar skemmdir komu fram í dreifkerfinu en nokkrir spennar færðust lítillega úr stað en öllu engum skemmdum. Við athugun í aðveitustöð nokkrum dögum eftir skjálftann, kom í ljós að hljóð aðveitustöðvarspennis höfðu breyst. Hægt var að finna smátitring í spennu og tekið var sýni af olíuspenni. Ekki kom fram neitt óeðlilegt í það skiptið en annað sýni var tekið í lok árs. Þá kom í ljós, samkvæmt skýrslu RST Net, að CO (kolsýringur) hefur hækkað og er eins og einhver brestur hafi komið í föstu einangrunina í spenninum. Önnur gös virðast vera í lagi. Aðrar bilanir á dreifkerfinu smávægilegar.

Heilmikið tjón varð á ljósastaurum í kjölfar snjóalaga síðasta vetur. Skipta þurfti um eina 10 staura sem skemmdust eftir veturinn.

Endurnýja varð háspennurofasett í dreifistöð 80003 eftir athugasemd frá skoðunarstofu en það stóðst ekki málspennu.

Lagður var stofnstrengur að bænum Steinskoti á Eyrbakka og niðurtekin loftlína. Það var sú síðasta í dreifkerfinu og þar með eru allar húsveitur á Árborgarsvæðinu tengdar við jarðstrengskerfi.

Vegamót Stokkseyrar- og Eyrbakkavegar voru lýst upp og rafmagn sótt í næstu dreifistöð á Stóra Hrauni sem er um 1.100m og 5 staurar.

Lagður var 240q háspennustrengur að nýrri dreifstöð við kaldavatnstank fyrir Selfossbygging, u.þ.b. 590 m langur.

gerðar á þökum miðlunargeyma í Reykjanesbæ og vegna framkvæmda við endurnýjun vatnslagna í Grundarvegi í Reykjanesbæ. Útboðsgögn voru eins og undanfarin ár aðgengileg bjóðendum á heimasíðu HS hf án endurgjalds sem, eins og áður, mælist vel fyrir og gengur snurðulaust.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru fimm þ.e. í Reykjanesbæ, Svartsengi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fimm og einn í hlutastarfi auk birgðastjóra sem starfar við hlið innkaupastjóra. Birgðageymsla í Árborg er skv. samningi við Selfossveitur í umsjá birgðavarðar Selfossveitna. Allt er þetta óbreytt frá fyrra ári. Birgðageymsla sem sett var upp í desember 2005 vegna framkvæmda við OV-6 í Svartsengi var tæmd og fjarlægð. Byggingin var í eigu Eyktar er annaðist byggingu orkuversins. Efnið var flutt í birgðageymslur í Svartsengi og í Reykjanesbæ og einnig í birgðageymslu við Reykjanesvirkjun sem HS hf keypti af Eykt. Byggingin var reist við upphaf framkvæmda á Reykjanesi og ráðgert að geymslan verði áfram í notkun um óákveðinn tíma og notuð í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun Reykjanesvirkjunar. Umsjón með henni, a.m.k. fyrst um sinn, verður í höndum birgðavarða í Reykjanesbæ.



Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er umfang starfseminnar í birgðageymslunum mjög svipað og árið áður hvað vöruafgreiðslu varðar. Fyrri hluta ársins var mikið um að vera vegna mikilla framkvæmda sem nokkuð dró úr seinni hluta ársins. Stjórn HS hf ákvað að skipting hennar í tvö fyrirtæki, í samræmi við ný lög um aðskilnað á rekstri einkaleyfisþátta og samkeppnisþátta, skyldi að fullu taka gildi 1. janúar 2009. Á þeim tímamótum þurfti m.a. að skipta birgðum milli fyrirtækjanna sem í megindráttum fólst í því að birgðir í birgðageymslum í Svartsengi og á Reykjanesi urðu eign HS Orku hf og aðrar birgðir eign HS Veitna hf. Nauðsynlegt var því að telja allar vörur í öllum birgðageymslum en undanfarin ár hafði verið látið nægja að framkvæma úrtakstalningar. Samhliða þessu þurfti að yfirfara staðsetningar og merkja ýmsar vörur. Þetta reyndist tímafrekara verkefni en áætlað var í upphafi en með sameiginlegu átaki tókst að ljúka talningunni fyrir áramótin.

Heildarvirði birgða jókst um 210 m.kr. á árinu eða úr um 507 mkr byrjun árs í um 717 m.kr. í árslok. Þetta er veruleg aukning eða liðlega 41%. Eins og fram kemur hér að framan voru sveitarfélög í byrjun árs með áætlanir um verulegar framkvæmdir við uppbyggingu nýrra íbúðasvæða og ekki síst iðnaðarsvæða. Vegna langs afgreiðslutíma þurfti m.a. að panta dreifispennistöðvar með góðum fyrirvara og gera ráðstafanir til að geta útvegað annað efni svo sem jarðstrengi. Á haustmánuðum, þegar efnahagskerfi þjóðarinnar lagðist á hliðina, breyttust þessar áætlanir á svipstundu en megnið af þessu efni var þá komið á lager og alls ekki unnt að afpanta það sem óafgreitt var. Birgðaaukning þessi er því að mestu leyti tilkomin vegna áður nefndra spennistöðva og með öllu óljóst hvenær not verður fyrir þær.

Starfsemi innkaupastjórahóps Samorku, sem HS hf á fulltrúa í, var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Á árinu var ákveðið að semja til eins árs við Siteco/Smith og Norland um áframhaldandi kaup á



götuljósum. Engin ný útboð voru auglýst á árinu en auk samningsins um götuljósin eru nú í gildi samningar við Sandblástur og málmhúðun um kaup á ljósastaurum, Johan Rönning/Ericsson um kaup á jarðstrengjum og við Jóhann Ólafsson, áður Volta, um kaup á þerum.

Í maímánuði stóð vinnuhópur Samorku fyrir fræðslufundi um innkaup orkufyrirtækja þar sem fjallað var um þau lög og reglugerðir er gilda um innkaup orkufyrirtækjanna og um útboðskyldu á EES-svæðinu. Einnig var rætt um hugsanlegar afleiðingar brota á reglum um opinber innkaup. Fundinn sóttu starfsmenn orkufyrirtækja er annast innkaup eða tengjast þeim t.d. við gerð útboðsgagna og starfsmenn nokkurra ráðgjafa er annast gerð útboðsgagna.

Ár	Fjöldi pantana	Erlend innkaup				Tryggingar m.kr.	Innlend innkaup Samtals m.kr.	Birgðageymslur		
		FOB-verð m.kr.	Aðflutn. gjöld m.kr.	Flutnings kostnaður m.kr.	Fjöldi pantana			Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.	
2008	62	1.246,8	4,9	17,0	3,8	1.272,5	747	8131	678	
2007	82	1.418,7	21,2	59,3	6,6	1.505,8	858	8217	685	
2006	89	497,8	6,4	42,9	1,5	548,6	917	8887	741	
2005	113	2.231,7	20,5	111,0	5,8	2.369,0	820	7837	653	
2004	66	96,0	6,2	7,9	0,3	110,4	760	6512	543	
2003	32	90,1	6,1	5,9	0,3	102,4	760	6050	504	
2002	29	54,7	2,1	3,0	0,2	60,0	640		426	
2001	32					90,0	400			
2000	36	57,3	3,7	4,2	0,2	65,4	510			
1999	74	573,8	39,3	12,4	1,7	627,2	560			
1998	84	234,4	6,3	7,8	0,7	249,2	500			
1997	64	64,1	2,7	4,8	0,3	71,9				
1996	82	116,0	10,0	6,0	0,6	132,6				

## VIÐHALDSDEILD

Eins og áður voru starfsmenn viðhaldsdeildar þrír, viðhaldsstjóri og tveir trésmiðir og starfsemin mjög fjölbreytt og með svipuðu sniði og áður. Starfsmenn deildarinnar annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS hf á Suðurnesjum og að mestu einnig í Hafnarfirði og í Árborg. Helstu húseignir á Suðurnesjum, auk aðveitu- og dreifistöðva, eru skrifstofur og tækjageymsla við Brekkustíg og Bakkastíg, lagerhúsnæði við Fitjabraut og dælustöð á Fitjum í Reykjanesbæ ásamt miðlunargeymum á Fitjum og flugvallarsvæði (Vallarheiði). Í Hafnarfirði er um að ræða skrifstofuhúsnæði og tækjageymslu. Aðveitustöðvar á Suðurnesjum, í Hafnarfirði og Árborg eru 17 talsins. Dreifistöðvar á Suðurnesjum eru 213, 164 í Hafnarfirði og 47 í Árborg. Viðhaldsstjóri annast öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum sem, eins og undanfarin ár, hafa séð um hluta af viðhaldinu, ýmsar breytingar og smærri nýframkvæmdir. Hann sá einnig um eftirlit með framkvæmdum við dælustöð í Vogum og vegna viðgerða á þökum miðlunargeyma.

Verkefni viðhaldsdeildar voru margvísleg að venju. Deildin annast reglubundin þrif og viðhald í aðveitu- og dreifistöðvum á Suðurnesjum skv. ákveðinni fastri áætlun og er það eitt af meginverkefnum deildarinnar. Farið er árlega í allar stöðvar á svæðinu og gerð úttektarskýrsla fyrir hverja stöð. Skýrslur þessar eru m.a. notaðar við gerð viðhaldsáætlana.



Á árinu voru settar upp þrettán nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum, þar af átta á Vallarheiði þar sem unnið var að endurbótum og breytingum á dreifikerfi rafmagns. Viðhaldsdeildin sá um að koma fyrir forsteyptum undirstöðum, koma stöðvunum fyrir á þeim og um allan frágang. Þá var unnið við viðgerðir og viðhald á dreifistöðvum í Hafnarfirði, á Eyrarbakka og á Stokkseyri. Yfir sumarmánuðina var í samvinnu við verktaka unnið að frágangi og umhirðu lóða við nýjar dreifistöðvar og eldri sem og umhirðu annarra lóða.

Í byrjun ársins skemmdust þakklæðningar á miðlunargeymum umtalsvert sem og á tveimur dælustöðvum í slæmu tíðarfari og hvasviðrum. Starfsmenn viðhaldsdeildar unnu að því með aðstoð hjálparveita að bjarga því sem bjargað varð og sáu síðan á sumarmánuðum um fullnaðarviðgerðir ásamt verktökum.

Af öðrum verkefnum má nefna viðhald og breytingar á birgðageymslum í Njarðvík og í Svartsengi, viðhald og umsjón með skrifstofubyggingu við Brekkustíg í Njarðvík, bæði innanhúss og utan, breytingar á riðbreytistöð á Vallarheiði, en hluta hennar var breytt í aðveitustöð fyrir svæðið, endurbætur á götuskápum fyrir heimtaugar rafmagns og merkingar bygginga og útsvæða á Reykjanesi.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi þau verk sem starfsmenn viðhaldsdeildar hafa unnið að á árinu enda erfitt að gefa tæmandi yfirlit en enginn skortur er á verkefnum.

*Norðanátt með nístings byl  
næðir inn í kofann.  
Finn ég fljótt samt aftur yl  
frá HS-Veitu kom'ann.*

*Sunnan átt og sudda bleyta  
sullast inn á gaflinn minn.  
Þá mér hjálpar HS-Veita  
hitar vel upp kúnnann sinn.*

*Hann elskar hana afar heitt  
hún veit hvað hann er heitur.  
Þau aldrei þurfa að kynda neitt  
þar tapa HS-Veitur.*

S.Ö.S



## UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið Hitaveitu Suðurnesja annast, eins og nafnagiftan gefur til kynna, upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og simabúnaður fyrirtækisins fyrir utan iðntölvustýringar og þess háttar tækjabúnað.

Starfsmenn upplýsingasviðs eru þrír. Það sem einkennir vinnu á upplýsingasviði fyrirtækisins meira en nokkuð annað eru þau miklu samskipti sem starfsmenn þess eru í við flesta starfsmenn fyrirtækisins. Þetta og aðkoma manna úr deildinni að mörgum verkefnum sem unnin eru í fyrirtækinu eru forréttindi sem fylgja starfinu.

Á síðasta ári var ætlunin að taka nýtt orkureikningakerfi í notkun, þeirri gangsetningu var frestað þar sem verkefnið tafist við uppfærslu á Axapta forritinu úr 3.0 í 4.0. Nauðsynlegt var að vera í þessari útgáfu af Axapta forritinu til að geta gangsett nýja orkureikningaforritið. Þessi uppfærsla reyndist fyrirtækinu ákaflega erfið og kostnaðarsöm.

Stjórn fyrirtækisins ákvað á haustmánuðum að skipta upp fyrirtækinu frá miðju ári 2008 og að kerfisleg uppskipting yrði gerð um áramótin 2008 og 2009. Þetta olli því að enn var frestað gangsetningu orkureikningakerfisins og þá fram á vormánuði 2009.

Árið 2008 hefur farið heldur hraðar framhá en önnur ár við



að aðstoða notendur, endurnýja vélbúnað og uppfæra hugbúnað ásamt því að bregðast við því óvænta sem alltaf lætur á sér kræla. Aðkoma starfsmanna sviðsins hefur á liðnu ári einnig verið mikil í rekstri og vinnu í upplýsingakerfunum vegna innleiðingarinnar á nýjum kerfum og kerfisbreytinga.

## TÆKNIDEILD

Á síðastliðnu ári voru helstu verkefni tæknideildar við undirbúning stækkunar Reykjanesvirkjunar og ýmis frágangsmál vegna Orkuvers 6 í Svartsengi.

Í Orkuveri 6 var höfð umsjón með afkasta- og nýtniprófun vélar 12 og stóðst vélin ítrustu kröfur. Tæknideild undirbjó afkastamælingar á borholum SVA H022 og -23 og sá um framkvæmdir við tengingar á þeim inn í orkuver. Hóla 22 var tengd með stuttri safnæð við æðina frá holu 14 og saman fara þær inn á skiljustöð Orkuvers 5. Hóla 23 var hinsvegar tengd beint inn á Orkuver 6, en það var hægt því að hún heppnaðist sem þurrghóla. Upphaflega var áætlað að nota gamla safnæð frá holu 12 fyrir stóran hluta af leiðinni frá holu 23, en í ljós kom að gömlu rörin voru of ryðguð. Hins vegar voru undirstöðurnar í lagi og var því lögð ný pípa á þær.

Við Reykjanesvirkjun var unnið við rannsóknir á sprungumyndunum í gufurörum. Er skemmst frá því að segja að þarna virðist

samspil gufunnar og efnisins í rörunum leiða til tæringar, þ.e. brennisteinsvetnið í gufunni tærir mangan í stálinu og út frá því myndast sprungur. Undirbúningar voru afkastamælingar á borholum REY H025, -26, 27, og 28. Tæknideild hafði umsjón með hönnun og smíði safnæða frá holum 25 og -26, en eftir afkastamælingar var ákveðið að tengja heldur holur 27 og 28 og voru gerðar breytingar á hönnun svo að það væri hægt. Tæknideild vann að undirbúningi niðurdælingar í REYH020

Veruleg vinna var við undirbúning stækkunar Reykjanesvirkjunar, svo sem við gerð kostnaðar- og tímaáætlana, samningaviðræður við vélaframleiðendur, frumhönnun vélbúnaðar og aðstoð við gerð frummatsskýrslu umhverfismats.

Önnur verkefni: Verkefnisstjórn byggingar á dælustöð fyrir Njarðvíkuræð. Einnig var hafinn undirbúningur að aukinni framleiðslu hitaveituvatns í Svartsengi.

## STARFSMANNHALD

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu og varð aukning á starfsmannafjölda fyrirtækisins. Í febrúar fékk HS hf viðurkenningu fyrir að vera fjölskylduvænt fyrirtæki frá Reykjanesbæ og þökkum við okkar starfsfólki fyrir þann heiður.

Í Svartsengi lét einn vélfræðingar af störfum vegna aldurs, Andrés Ólafsson. Í hópinn bættist við vélfræðingurinn Jón Már Sverrisson og á starfssamning til sveinsprófs í vélvirkjun, Sigmundur Bjarki Egilsson. Einnig varð viðbót í stjórnbúnaðardeild fyrirtækisins í Svartsengi þegar Páll Sigurjónsson, rafmagns- og tölvuverkfræðingur, hóf störf í ágúst. Í júní var tekið upp nýtt vaktkerfi fyrir virkjanir í Svartsengi og Reykjanesi og fór fjöldi í vaktkerfi úr 10 í 12.

Á rafmagnssviði í Hafnarfirði lét af störfum vegna aldurs Jens Evertsson, rafmagnseftirlitsmaður, í hans stað kom Heiðar Rafn Sverrisson sem áður gegndi starfi aðstoðarverkstjóra. Í rafmagnsdeildina í Hafnarfirði voru ráðnir Sigurgeir Guðmundsson, rafveituvirki og Daníel Jónsson, rafveituvirkjanemi. Í tímabundna stöðu var ráðinn Ingi Björn Jónsson. Í rafmagnsdeild Suðurnesjum urðu þær breytingar að Gústav Daníelsson, umsjónarmaður rafmagnsöryggismála fór til annarra starfa og í hans stað var ráðinn Sæmundur Vilhjálmsson. Kristmundur Magnússon, rafvirki, fór einnig til annarra starfa og í hans stað var ráðinn Guðlaugur K. Jónsson, aðstoðarmaður.

### STARFSMENN

	2008				2007			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn . . . . .	3		3,0		2		2,0	
Fjármála- og þjónustusvið . . . . .	27		25,3		27		25,3	
Orku- og markaðssvið . . . . .	2		2,0		1		1,0	
Þróunar-, umhverfis-, og tæknisvið . . . . .	5		5,0		6		6,0	
Gæða- og starfsmannamál . . . . .	1	38,0	1,0	36,3	1	37,0	1,0	35,3
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn . . .	2		2,0		2		2,0	
Stjórnbúnaður . . . . .	3		3,0		2		2,0	
Viðhald og eftirlit . . . . .	22	27,0	22,0	27,0	21	25,0	21,0	25,0
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar . . .	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn . . . . .	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit . . . . .	16	18,0	16,0	18,0	16	18,0	16,0	18,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar . . . . .	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun . . . . .	3		3,0		3		3,0	
Tækniteiknun . . . . .	3		3,0		4		4,0	
Viðhald og eftirlit . . . . .	21		21,0		19		19,0	
Rafmagnsöryggismál . . . . .	4		4,0		4		4,0	
Mælar . . . . .	3	35,0	3,0	35,0	3	34,0	3,0	34,0
Upplýsingakerfi . . . . .	3	3,0	3,0	3,0	3	3,0	3,0	3,0
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja . . . . .	2		2,0		2		2,0	
Birgðavarsla . . . . .	6		6,0		6		6,0	
Viðhald mannvirkja . . . . .	3	11,0	3,0	11,0	3	11,0	3,0	11,30
<b>Samtals</b>		<b>132,0</b>		<b>130,3</b>		<b>128,0</b>		<b>126,3</b>
Suðurnes - Njarðvík . . . . .	65		65,0		65		65,0	
Suðurnes - Svartsengi . . . . .	28		28,0		26		26,0	
Hafnarfjörður . . . . .	20		20,0		18		17,5	
Vestmannaeyjar . . . . .	15		13,8		15		13,8	
Selfoss . . . . .	4	132,0	4,0	130,8	4	128,0	4,0	126,3
		<b>132,0</b>		<b>130,8</b>		<b>128,0</b>		<b>126,3</b>

Á skrifstofu var Silja Dögg Gunnarsdóttir ráðin sem ritari forstjóra/skjalastjóri. Sesselja Guðrún Halldórsdóttir, þjónustufulltrúi lét af störfum og hennar stað var Hrönn Þorgrímsdóttir ráðin tímabundið. Á teiknistofu fór til annarra starfa yfirmaður teiknistofu Marianna Einarsdóttir og í kjölfarið var Ragnar Darri Hall gerður að yfirmanni teiknistofu.

Á birgðasviði fór Guðmundur Axelsson til annarra starfa en í hans stað var ráðinn Hörður Sigfússon.

Öllum þeim starfsmönnum sem létu af störfum eru þökkuð vel unnin störf í þágu fyrirtækisins og þeim óskað velfarnaðar í framtíðinni. Allir þeir sem hófu störf eru boðnir hjartanlega velkomnir í hópinn.

Starfsmannafjöldi HS hf var í lok ársins 132 í 130,8 stöðugildum á fimm starfsstöðum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum, alls 183 manns greidd laun á árinu.



## GÆÐAMÁL

### Rekstrarhandbók

Mikil vinna hefur verið lögð í endurskoðun skjala sem tengjast rekstrarhandbók, sér í lagi í rafmagnsdeild. Hópur tengdur ferlum í rafmagnsdeild, hefur unnið markvisst að endurskoða ferla og uppsetningu skjala. Við uppskiptingu fyrirtækisins þarf svo að endurskoða uppsetningu handbókarinnar með tilliti til breyt-

inga á fyrirtækinu. Stefnt er að því að ljúka sem mestri vinnu við rekstrarhandbókina í öllum deildum á liðandi ári og í framhaldi farið í kennslu og kynningu á kerfinu fyrir starfsmenn.

Að veltu var farið í úttekt á öryggisstjórnunarkerfi HS hf og lágu fyrir nokkrar athugasemdir sem unnið var að lagfæra.

## ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISMÁL

Öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál (ÖHU) er málaflökkur sem stöðugt er í brennidepli. Mikil áhersla hefur verið lögð á ÖHU mál almennt á nýliðnu starfsári. Kemur það helst fram með áframhaldandi gerð áhættumats starfa innan HS hf, endurskoðun verkamninga við verktaka á vegum HS hf, þar sem áhersla var lögð á kröfur um framkvæmd áhættumats, aukin sýnileika starfsmanna, og notkun persónuvarna. Þá er unnið að mati á umhverfisáhrifum vegna væntanlegrar stækkunar Reykjanesvirkjunar. Áfram er mikil áhersla lögð á að starfsmenn hugi að eigin öryggi bæði í leik og í starfi.


Eins og áður segir er vinnu við gerð áhættumats starfa innan HS hf framhaldið. Fundað hefur verið með starfsmönnum þar sem áherslur um gerð áhættumats voru kynntar. Í ljósi þess að starfsemi HS hf er fjölbreytt og starfstöðvar eru margar, var ákveðið að vinna áhættumat starfar deildaskipt. Í stuttu máli fer vinna fram að

þannig að haldir eru fundir með starfsmönnum viðkomandi deildar. Í framhaldi er skipuð deildarnefnd undir forustu ÖHU-stjóra með fulltrúum starfsmanna. Verkefni deildarnefndar er síðan að skoða vinnu sem fer fram innan hvernar deildar, heildstætt. Markmiðið er að greina hugsanlega hættu, meta áhættu sem slík hættu hefur í för með sér og gera tillögur að úrbótum. Í lokin er tekin saman skýrsla um niðurstöður sem kynntar eru stjórnendum og starfsmönnum. Til að áhættumatið endurspegli sem best þau atriði sem betur mega fara í vinnuumhverfi okkar er nauðsynlegt að sem flestir starfsmenn komi að gerð þess.

Öryggisnefnd er starfandi innan HS hf og hafa verið haldnir 3 bókaðir fundir á árinu, auk fjölmargra smærri funda um ÖHU mál. Innrastar í ÖHU-málum er í góðum farvegi.

Nokkuð hefur verið um framkvæmdir á árinu og hefur verið lögð áhersla á að kynna bæði starfsmönnum HS hf og verktaka

## Fjöldi slysa og atvika



Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda slysa og atvika fyrir starfsárið 2008.

sem vinna fyrir HS hf, áherslur HS hf varðandi ÖHU-mál. Haldnir hafa verið ÖHU-fundir með starfsmönnum HS hf og starfsmönnum verktaka s.s. jarðvinnuverktaka, rafmagnsverktaka og starfsmanna borfyrirtækja sem vinna að borun á vegum HS hf.

Unnið hefur verið að innleiðingu Tetra fjarskiptakerfis innan HS hf. Kerfið er hugsað sem fjarskiptakerfi sem nota skal í neyðartilvikum eða við daglega vinnu þar sem unnið er að verkefnum sem útheimta samvinnu margra aðila samtímis við flókin verkefni s.s. samræminu í rafmagns eða hitaveitukerfum.

Haldin er skrá yfir slys og atvik (nærri slys) sem verða hjá HS hf. Slys og atvik er skipt upp í þrjá flokka eftir alvarleika og fjarveru frá vinnustað.

**Tegund 1** = Atvik/slys án fjarveru

**Tegund 2** = Slys með 1-7 daga fjarveru


**Tegund 3** = Alvarlegt slys með fleiri en 7 daga fjarveru

Samtals voru 7 atvik tilkynnt, eitt slys var af tegund 2, sem orsakaði 2 daga fjarveru. Sex atvik urðu sem flokkast sem nærri slys og þar af voru 4 atvik, frávik vegna rafmagnsöryggismála.

Eitt atvik varðar þegar utanaðkomandi aðila slasaðist. Þetta atvik telst ekki með í slysaskrá HS hf, þar sem atvikið var ekki vinnutengt og aðillinn var ekki hvorki starfsmaður HS hf né verktaka á vegum HS hf. Atvikið var tilkynnt Neytendastofu, sem rannsakaði málið. Í framhaldi voru gerðar breytingar á búnaði til að tryggja að atvik sem þetta endurtaki sig ekki.

Tíðni vinnutengdra fjarveruslysa hjá HS hf ef borið er saman við alþjóðlega staðla, þar sem miðað er við 100 ársverk eða 200.000 unnar vinnustundir, er því eftirfarandi:

## Slys og atvik eftir svæðum 2008



Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda slysa og atvika eftir svæðum.

• 1 slys	=	2 tapaðir dagar	=	16 stundir
• 6 atvik	=	0 tapaðir dagar		
• Unnar stundir hjá HS hf um				250.000
• Slysatiðni:	1 slys		x	200.000 stundir
				250.000 stundir

Slysatiðni innan HS hf meðal starfsmanna fyrir árið 2008 er því 0.80. sem samsvarar að einn af hverjum 125 starfsmönnum HS hf hafi slasast á sl. ári.

Þrjú umhverfisóhöpp urðu hjá verktökum sem voru í vinnu hjá HS hf. Í báðum tilfellum var um óhöpp þar sem háþrýstivökvi lak út í umhverfið. Brugðist var við í samræmi við viðbragðsáætlun sem kveður á að olíumengaður jarðvegur skuli hreinsaður upp og honum fargað á viðeigandi hátt. Fullt samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja í öllum tilfellum.



## SKJALASTJÓRNUN

Stefna HS hf er að innleiða skjalastjórnun á árinu 2009 og styrkja þannig innra starf og stoðir gæða- og öryggismála hjá fyrirtækinu. Nýr starfsmaður, Silja Dögg Gunnarsdóttir var ráðin í febrúar 2008 með áherslu á að stýra innleiðingu skjalastjórnunar hjá HS hf. Meginmarkmið skjalastjórnunar eru að einfalda aðgengi að gögnum sem sparar tíma fyrir starfsmenn og uppfyllir ýmis lagaleg skilyrði, sem félaginu ber að uppfylla, um aðgengi að gögnum. Skjalastjórnun tryggir jafnframt öryggi gagna og þar með rekstrarsamfelli fyrirtækisins.

Þar sem um risavaxið verkefni er um að ræða var ákveðið að gera samning við Gagnavörsluna hf, sem er alhliða fyrirtæki á sviði skjalastjórnunar og skjalavörslu, til að m.a. gera úttekt á skjalamálum HS hf og veita ráðgjöf um gerð skjalaflokkunarkerfis, en í þessari vinnu hefur verið unnið samkvæmt alþjóðlega skjalastjórnunarstaðlinum ISO 15489. Grunnurinn að innleiðingunni er nú langt á veg kominn; skjalaflokkunarkerfið er tilbúið, sem og geymslu- og grisjunaráætlun. Þessar vikurnar er unnið hörðum höndum við að grisja eldri gögn, endurskipuleggja geymslur og skoða rafræn skjalastjórnunarkerfi. Þeirri vinnu verður væntanlega lokið í vor og stefnt er að innleiðingu með haustinu.

Innleiðing skjalastjórnunar hjá HS hf mun krefjast breyttra vinnubragða af hálfu starfsfólks. Nánast öll virk gögn á pappírformi, fyrir utan tímabundin vinnugögn, verða vistuð í hjá skjalastjóra/ritara forstjóra en önnur gögn fara í langtíma fjargeymslu eða eyðingu, samkvæmt skilgreiningu geymsluáætlunar. Rafrænt skjalastjórnunarkerfi mun halda vel utan um innskönnuð gögn (sem




og tölvupósta, útsend bréf o.fl) og gera endurheimt þeirra mjög einfalda og fljótlega. Rafrænt kerfi krefst þess hins vegar að starfsfólk noti kerfið rétt en þegar að innleiðingu kemur mun starfsfólk fá ítarlega fræðslu þess efnis og aðstoð eftir þörfum. Hingað til hafa starfsmenn verið mjög samstarfsfúsir og jákvæðir og flýtt þannig fyrir gangi verkefnisins.

Helsta sýnilega afleiðing þessara aðgerða verða „tómlegri“ skrifstofur, en einkaskjalasöfn einstakra starfsmanna munu heyra sögunni til. Þetta verður áttak en það mun skila sér margfalt til baka í meiri skilvirkni, öryggi og tímasparnaði.

## SKRIFSTOFA

Árið 2008 einkenndist framan af af annríki eins og árið áður. Nokkuð fór þó að draga úr framkvæmdagleði einstaklinga og fyrirtækja seinni hluta ársins þó ekki sé hægt að segja að þjónustuborð og skrifstofa hafi verið verkefnalaus. Annríki ársins 2008 má því bera saman við árið 2006 sem var svipað í tölum þó dreifingin hafi verið önnur. Í töflunum hér fyrir neðan má sjá stöplarit fyrir tengibeiðnir frá árunum 2004 til og með árinu 2008 sem og stöplarit yfir fjölda notendaskipta á þessum sömu árum.

Á árinu 2008 var haldið áfram vinnu við samnýtingu stöðugilda á skrifstofu. Hefur það gengið ágætlega. Á haustmánuðum var ráðinn inn verkefnisstjóri þjónustusviðs og hefur sú nýbreytni reynst einstaklega vel og minnkað álag á upplýsingatæknideild og orkureikningagerð. Fyrirkomulag á þjónustuborði hefur verið með svipuðu sniði þ.e. skiptiborð, þjónustufulltrúar og bakvinnsla. Skiptiborð og þjónustuborð svarar að jafnaði um 350 símtölum daglega frá innri og ytri viðskiptavinum.





Framkvæmdir voru með svipuðu sniði og árið áður en færðist þó ró yfir í október og þegar leið að árslokum hafði umsóknum fækkað töluvert.

Nýtt orkureikningakerfi var á áætlun á haustmánuðum 2008 hefur enn ekki litið dagsins ljós en vonir standa til að innleiðing hefjist á fyrri hluta nýs árs og verði þá komið í not fyrir sumarleyfi. Ástæða seinkunar má rekja til vinnu vegna uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Nú um áramót var Hitaveitu Suðurnesja hf skipt upp í tvö fyrirtæki. Nýtt fyrirtæki HS Veitur hf tók til starfa 1. janúar 2009. Einnig var gerð nafnabreyting á Hitaveitu Suðurnesja hf í HS Orka hf Kemur HS Orka hf til með að þjónusta HS Veitur hf með nánast öll verk þar sem fyrirtækið hefur einungis starfandi stjórn á launaskrá en kaupir annars alla þjónustu af HS Orku hf Hefur þessi uppskipting valdið verulega auknu vinnuálagi á öll stöðugildi á skrifstofu og þjónustuborði þar sem verkin hafa sumstaðar nánast tvöfaldast. Uppskipting fyrirtækisins í HS Orku hf og HS Veitur hf hefur einnig valdið viðskiptavinum töluverðum heilabrotum og hafa því símtöl inn á þjónustuborð fyrstu mánuði ársins aukist verulega.


Stöðugildi skrifstofu eru 25,5 og skiptast þau þannig á milli deilda: 3 í bókhaldsdeild, 8 í þjónustudeild, 8 í orkureikningum og álestrum, 3,5 í innheimtudeild og 3 í fjármálum og stjórnun.

**Innheimta**

Innheimta orkureikninga gekk vel framan af ári en fór heldur að þyngjast þegar leið á árið, aðallega vegna hruns bankanna og þeirra áhrifa sem það hafði á greiðslugetu heimila og fyrirtækja.


Orkufyrirtækin búa við það að hver einasta króna er innheimt eftirá og er því ekki um nein staðgreiðsluviðskipti að ræða. Ef ekki

**Skipting útistandandi orkureikninga eftir gjalddögum**



er greitt innan tilskilins greiðslufrests koma til innheimtuaðgerðir sem felast í úthringingum, innheimtubrífum og í framhaldi af því, lokunaraðgerðum ef viðskiptavinur sinnir ekki þeim aðvörnum sem honum hafa verið sendar. Á síðasta ári þurftum við því miður að beita þessari innheimtuaðferð yfir 1.000 sinnum á öllum svæðum HS hf. Í árslok var lokað fyrir sölu á rafmagni til 48 notkunarstaða, lokun sem hafði staðið yfir frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði.

**Aukning heimlagna- og heimtaugabeiðna**



Pegar viðskiptavinur lýkur viðskiptum og greiðir ekki, þrátt fyrir viðvaranir, eru lágar kröfur sendar í milliinnheimtu hjá Intrum en hærrí kröfur fara í innheimtu hjá Lögheimtunni. Fjöldi mála sem fór í þannig innheimtu voru 115 í milliinnheimtu, 144 í lögfræðinnheimtu og fjöldi mála, sem ekki tókst að innheimta eftir þessum leiðum og fóru í kröfuvakt, voru 203. Í kröfuvakt fara bæði ný og eldri mál sem ekki hefur tekist að innheimta. Þann 31.12.2008 voru kröfur í milli- og lögheimtu alls að upphæð 8.4 m.kr.

Útistandandi orkureikningar um áramót voru 662,5 m.kr., þar af gjaldfallnir 116,6 m.kr. Um áramótin 2007/2008 voru útistandandi orkureikningar 549,5 m.kr., þar af gjaldfallnir 69,1 m.kr. Aukning útistandandi skulda er um 20% en veltuaukning milli áráanna 2007 og 2008 var rúm 16%.

Á árinu voru afskrifaðar kröfur að upphæð 18,9 m.kr., eða 0,32% af útsendum orkureikningum en árið 2007 voru afskriftir 30,4 m.kr., eða 0,6% af útsendum orkureikningum það ár.

Stöðugildi hjá HS hf sem sinna innheimtuaðgerðum, bæði á skrifstofu og lokunaraðgerðum, eru 3,5 – 4.

## RAFORKUKAUP OG RAFORKUSALA

Raforkuframléiðsla HS hf inn á flutnings- og dreifikerfi jókst á árinu um rúm 17% og varð 1.367 GWst. Munar þar mestu um aukna framléiðslu í Svartsengi með tilkomu Orkuvers 6 en uppsett afl í virkjunarinnar jókst um 30 MW. Vél orkuversins þykir hafa heppnast mjög vel en hún er nokkuð flókin og hefur fengið nafnið „Kolkrabbinn“ þar sem hún er með fjögur inntök og fjögur úttök fyrir gufulagnir.

Orkusala til stóriðu jókst með aukinni orkuframléiðslu um 13% og seldi HS hf um 1.090 GWst til stóriðu á árinu. Rúmlega helmingur af allri framléiðslu Orkuvers 6 fer til Norðuráls en restin inn á almenna markað söludeildar HS hf.

Orkuframléiðsla hófst í Fjarðará á árinu með gangsetningu Bjólfsvirkjunar sem er önnur af tveimur nýjum virkjunum í ánni. HS hf hefur gert samning um orkukaup af virkjununum til 12 ára með framlengingaákvæðum en uppsett aflgeta virkjananna er tæp 12 MW með áætlaða orkuframléiðslu um 70 GWst á ári. Framléiðsla virkjunarinnar gekk vel frá maí út september en þá minnkaði vatn til muna og framléið virkjunin lítið síðustu mánuði ársins. Ekki tókst að ljúka nema litlum hluta stíflumannvirkja á Fjarðarheiði ásamt að fallpípa að efri virkjun árinna, Gúlvirkjun, var fyrst kláruð í desember. Stefnt er að því að klára öll mannvirki á næsta ári þannig að virkjunin ætti að verða fullbyggð næsta haust.

Keypt var raforka frá Landsvirkjun, Múlavirkjun og Fjarðará fyrir almennan markað og námu þessi kaup um 235 GWst. Eru þessi kaup að mestu notuð til að mæta árstíða- og dægursveiflum á almennum markaði en eigin framléiðsla HS hf dekkar að



mestu grunnorkuþörf. Til viðbótar voru keyptar um 12,5 GWst af Landsvirkjun og fór sú orka upp í gerða stóriðjusamninga í viðgerða og bilanatilfellum eigin orkuvera.

Sala HS hf til almennra viðskiptavina jókst um rúm 10% á árinu og munar þar mestu um mikla aukningu á sölu til viðskiptavina utan dreifiveitusvæða HS hf eða um 40%. Innan veitusvæða HS hf varð mest aukning á raforkunotkun í Hafnarfirði tæp 6%. Í Eyjum jókst notkun um 3% og 2% á Selfossi. Eftir nokkurn samdrátt í raforkunotkun á Suðurnesjum undanfarin ár jókst raforkunotkun um rúm 5% á svæðinu en raforkunotkun í Grindavík jókst um 12% og munar þar mestu um tilkomu ORF líftækni.

Ljóst er að draga mun úr þeirri miklu aukningu sem orðið hefur á raforkusölu HS hf síðastliðin ár. Þau áföll sem orðið hafa í hagkerfi landsins og þær þrengingar sem framundan eru munu án efa draga úr raforkunotkun á öllum sviðum þjóðfélagsins og efla aðhald og kostnaðarvitund viðskiptavina.

Samstarf Orkuveitu Húsavíkur og HS hf hélt áfram á árinu og er þetta fjórða árið sem fyrirtækin vinna saman að raforkuöflun. Í janúar bílaði Kalína vél Orkuveitunnar og þurfti veitan að kaupa alla sína orku frá HS hf út árið. Orkusala til Orkuveitu Húsavíkur jókst úr 1,2 GWst í 12,5 GWst. Ekki liggur enn fyrir hvenær viðgerð líkur en stefnt er að því að ljúka henni á árinu.

HS hf seldi um 103 GWst af ótryggðri orku og dróst salan saman um tæp 7% og fór um helmingur þeirrar orku á rafskautaketil hitaveitunnar í Eyjum.

HS hf gerði samning við Carbon Recycling International um sölu á 40 GWst eða 5 MW til framleiðu á methanoli úr CO<sub>2</sub> gasi frá orkuverinu í Svartsengi. Áætlanir gera ráð fyrir framleiðslu upp á 10 tonn á dag og verður framleiðslan blönduð með díselolíu og notuð á farartæki landsmanna. Ávinningur HS hf af samningnum er tvennskönar. Í fyrsta lagi dregur orkuverinu úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og í öðru lagi skapast hér tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar frá „auðlindagarðinum“ í Svartsengi.

Unnið hefur verið að gerð orkusamnings vegna kísilmálmverksmiðju sem hyggst hefja starfsemi í Helguvík 2011. Í fyrstu er gert ráð fyrir að samið verði um 30 MW fyrir fyrri ofn verksmiðjunnar en stefnt er að uppsetningu tveggja ofna með aflþörf upp á rúm

60 MW og framleiðu getu upp á 50 þ.tonn af kísilmálm á ári. Búið er að gera umhverfismat fyrir verksmiðjuna og afla flestra tilskilinna leyfa.

Á síðasta ári var lokið við gerð orkusölusamnings við Norðurál vegna álvers í Helguvík. Nokkrar breytingar hafa orðið á tímasetningum varðandi verkefnið. Heimskreppan og ástand fjármálamarkaða hafa breytt miklu. Eins hefur undirbúningur okkar eigin virkjana gengið mun hægar en gert hafði verið ráð fyrir þar sem illa hefur gengið að koma málum í gegnum skipulag sveitarfélaganna. Ljóst er að búið er að fresta verkefninu um a.m.k. eitt ár og er nú stefnt að nokkuð stærra álveri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir í fjórum áföngum með heildar aflþörf upp á 630 MW.



Við lok uppsetningar ársskýrslunar var sú ósk send til starfsmanna HS Orku hf og HS Veitu hf að þeir legðu til smá kveðskap um fyrirtækið sem myndi birtast í skýrslunni.

**Þessir aðilar sinntu kallinu:**

- A.P. = Aðalbjörg Þorsteinsdóttir
- S.Ö.S. = Sigmar Örn Sigþórsson
- S.J. = Snorri Jónsson
- V.S.J. = Víðir S. Jónsson

**Söngur Hitaveitu Suðurnesja**

*Ofan í jörðinni óvinur ríkir  
já ómældum hita þar yfir hann býr.  
Og einstaka sinnum á yfirborð kíkir  
eimyrju og eldi þá spýr*

*En hugrakkir menn hafa hugsað til kauða  
það hafið er stríð til að veikja hans mátt.  
Í stað þess sem áður fyrr dreifði út dauða  
í dásemd er breytt á sinn hátt.*

*Borum er skotið í bústað þess gamla  
það birtu og yl veitir höllum og drós.  
Ungir þess njóta í ylnum að damla  
og aldraðir búa við hita og ljós.*

*Já, hugrakkir menn hafa hugsað til kauða  
það hafið er stríð til að veikja hans mátt.  
Í stað þess sem áður fyrr dreifði út dauða  
í dásemd er breytt á sinn hátt.  
Það keypt er hjá HS í sátt.  
Já það keypt er hjá HS í sátt.*

Ljóð: S.J.

## LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU

### ORKUVEITA

RAFMAGNSVEITA / DREIFING	Suðurnes Magn	Hafnarfj. Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Önnur svæði Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	163	13	159	1.035		km <sup>2</sup>
Íbúar á orkuveitusvæðinu	21.544	30.821	4.086	7.782	64.233		fjöldi
Heimtaugar	6.611	6.466	1.985	3.207	18.269		fjöldi
Veitur (mælitæki)	10.490	14.866	2.334	3.740	31.430		fjöldi
Götuljósastólpar	7.343	7.426	1.516	2.968	19.253		fjöldi
Götu ljósastólpar, afl ljósgjafa	1.316,0	1.245,0	221,1	311,3	3.093,4		kW
Fjöldi starfsmanna	62	18	15	4	99		stöðugildi
Fjöldi ársverka	20	19	7	4	50		ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	398,4	41,0	52,5	20,0	511,9		MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafli	184,34	117,21	28,54	25,85	355,94		MVA
Lengd aðveitukerfis	173,0	4,2	1,5	0,0	178,7		km
Lengd háspennudreifikerfis	290,5	150,3	25,8	51,1	517,7		km
Lengd lágspennudreifikerfis	1.615,3	856,4	88,2	192,2	2.752,1		km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótr. orku	33,80	32,90	10,40	9,60	86,7		MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótr.orku	43,60	33,30	22,70	13,30	112,9		MW
Orkuöflun alls - aðrir	266,0	173,6	116,5	63,8	619,9		GWst
Smásala	183,7	155,8	41,6	48,0	429,1	74,1	GWst
Smásala - aðrir á dreifuveitusvæði HS hf.						-14,7	GWst
Smásala ótrygg orka	7,1	3,5	70,3	12,5	93,4	8,5	GWst
Heildsala	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1.099,1	GWst
Smásala (án vsk); dreifing og flutningur	682,2	668,0	209,9	210,5	1.770,6		Mkr
Heildsala (án vsk)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	3,58	4,19	1,88	3,48	3,39		kr/kWst
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	3,80	0,00	15,58	0,69	20,07		Mkr
Niðurgreitt magn	1.214.381	0	4.978.125	219.934	6.412.440		kWst
<b>HITAVEITA</b>	<b>Suðurnes Magn</b>		<b>Eyjar Magn</b>		<b>Samtals Magn</b>		<b>Einingar</b>
Stærð veitusvæðis	700		13,3		713		km <sup>2</sup>
Íbúar með hitaveitu	21.400		3.606		25.006		fjöldi
Hús tengd hitaveitu	6.270		1.461		7.731		fjöldi
Veitur (mælitæki)	6.886		1.435		8.321		fjöldi
Fjöldi starfsmanna	62		15		77		stöðugildi
Fjöldi ársverka	15		5		20		ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150		0		150		MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125		38		163		MW
Lengd safn- og aðveituæða	67		1,4		68,4		km
Lengd dreifikerfis	376,7		71,4		448,1		km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	11.111.367		1.625.459		12.736.826		m <sup>3</sup> /ári
Hámarksálag á árinu	104,6		14,0		118,6		MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	663		72,2		735,2		GWst/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	100		0				%
Hlutfall orkuframleiðslu: annað	0		100				%
Smásala	28.715				28.715		l/mín/mán;
Smásala	1.635.045		1.300.761		2.935.806		m <sup>3</sup> ;
Smásala (án vsk)	959,0		240,0		1.199,0		Mkr
Heildsala (án vsk)	0		0,0		0,0		Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,50						kr/kWst
Meðalverð í smásölu (án vsk)			184,50				kr/m <sup>3</sup>
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0		75,33		75,33		Mkr
Niðurgreitt magn	0		820.612		820.612		m <sup>3</sup>







**HS ORKA HF**

**ÁRSREIKNINGUR  
31. DESEMBER 2008**



## SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Ársreikningur HS Orku hf (áður Hitaveita Suðurnesja hf) er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög á auðlinda- og orku-sviði. Samkvæmt lögnum ber félaginu meðal annars að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi félagsins og samkeppnisstarfsemi. Samkeppnisstarfsemi er framleiðsla og sala á raforku. Í samræmi við það var Hitaveitu Suðurnesja hf skipt í tvö félög HS Orka hf og HS Veitur hf, sem tók yfir einkaleyfisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. Á hluthafafundi þann 1. desember 2008 var skiptingarátætlun félagsins samþykkt. Lögformlega miðar skipting Hitaveitu Suðurnesja hf við 1. júlí 2008. Bókhaldslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði félagsins lauk hins vegar ekki fyrr en 31. desember 2008 og miðast reikningshaldsleg skipting félagsins við þann dag.

Í lögformlegum skiptingarefnahagsreikningi eru eignir og skuldir sem tilheyra einkaleyfisstarfsemi félagsins færðar yfir í HS Veitur hf Eiginfjárlutfall Hitaveitu Suðurnesja hf var fyrir skiptingu 1. júlí 2008 54,3%, en eftir skiptingu var eiginfjárlutfall HS Orku hf 45,2% og hjá HS Veitum hf 56,7%.

Reikningshaldsleg skipting félagsins er miðuð við 31. desember 2008. Eignir og skuldir HS Veitna hf eru færðar út úr efnahagsreikningi HS Orku hf í árslok 2008. Rekstur og efnahagur HS Veitna hf er sérgreindur í ársreikningi HS Orku hf sem aflögð starfsemi sbr. skýringu 7. Eiginfjárlutfall HS Veitna hf í lok árs var 51,9%.

Í byrjun árs 2008 voru rekstrarfjármunir Hitaveitu Suðurnesja hf endurmetnir til gangvirðis þannig að bókfært virði virkjana, dreifikerfis og fasteigna var hækkað um 8.945 millj. kr. og eigið fé um 7.732 millj. kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins af áframhaldandi starfsemi 5.425 millj. kr. (2007: 4.192 millj. kr.) og tap ársins var 11.682 millj. kr. (2007: 3.480 millj. kr. hagnaður). Tap af áframhaldandi starfsemi nam 11.844 millj. kr. (2007: 2.335 millj. kr. hagnaður). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 36.479 millj. kr. í árslok (2007: 36.790 millj. kr.). Eigið fé nam 5.934 millj. kr. (2007: 19.976 millj. kr.) eða 16,3% af heildarfjármagni (2007: 54,3%).

Í lok árs 2008 uppfyllir félagið ekki kröfur í lánasamningum um eiginfjárlutfall og rekstrarhlutföll sem veitir lánveitendum heimild til gjaldfellingar lána. Félagið hefur átt í viðræðum við lánveitendur sem ekki er lokið. Stjórn og framkvæmdastjórn félagsins telja að unnt verði að ljúka viðræðum innan skamms og að niðurstaða þeirra verði félaginu hagfelld.

Félagið hefur í hyggju að selja land og hitaréttindi í sinni eigu til opinberra aðila. Samningaviðræður standa yfir. Frá og með 1. janúar 2009 mun félagið gera reikningsskil sín í Bandaríkjadóllar. Heimild til þess var samþykkt af ársreikningaskrá í febrúar 2009.

Hluthafar félagsins voru átta í árslok og var fjöldi þeirra óbreyttur frá ársbyrjun. Í árslok áttu fjórir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær	34,74%
Geysir Green Energy hf	32,00%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2009 og vísar til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Orku hf hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2008 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 13. mars 2009

#### STJÓRN:

Magnus Guðmundsson  
Leyna Guðlaugsson

Rei Mar  
Matti Jónsson  
Anna Sævald

Ólafur  
Ólafur

#### FORSTJÓRI:

Mikinn Jónsson

#### AÐSTOÐARFORSTJÓRI

Stefni Sveinsson

## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa HS Orku hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Orku hf fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið

á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunar- aðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 25 í ársreikningnum þar sem greint er frá því að félagið uppfyllir ekki ákvæði lánasamninga við lánastofnanir þar sem kveðið er á um að fari eiginfjárlutfall og rekstrarhlutföll niður fyrir tiltekin viðmið sé lánveitendum heimilt að gjaldfella lánin. Stjórnendur félagsins eru í viðræðum við lánastofnanir en þeim viðræðum er ekki lokið. Verði lánin gjaldfelld og ekki semst um endurfjármögnun þeirra ríkir óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

Reykjanesbær, 13. mars 2009



KPMG hf.

## Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007 Endurgert
<b>Áframhaldandi starfsemi</b>			
Rekstrartekjur . . . . .	6	5.424.774	4.192.141
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu . . . . .		( 3.066.017 )	( 2.683.921 )
<b>Vergur hagnaður . . . . .</b>		<b>2.358.757</b>	<b>1.508.220</b>
Aðrar tekjur . . . . .	8	0	311.399
Annar rekstrarkostnaður . . . . .	9	( 376.456 )	( 230.906 )
<b>Rekstrarhagnaður . . . . .</b>		<b>1.982.301</b>	<b>1.588.713</b>
Fjármunatekjur . . . . .		476.106	959.162
Fjármagnsgjöld . . . . .		( 11.409.990 )	( 456.300 )
Gangvirkisbreytingar afleiðusamninga . . . . .		( 1.895.261 )	0
Gangvirkisbreytingar innbyggðra afleiða . . . . .		( 2.687.097 )	826.874
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals . . . . .</b>	<b>12</b>	<b>( 15.516.242 )</b>	<b>1.329.736</b>
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags . . . . .	16	( 264.308 )	( 63.359 )
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt . . . . .</b>		<b>( 13.798.249 )</b>	<b>2.855.090</b>
Tekjuskattur . . . . .	13	1.954.744	( 520.046 )
<b>(Tap) hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi . . . . .</b>		<b>( 11.843.505 )</b>	<b>2.335.044</b>
<b>Aflögð starfsemi</b>			
Afkoma af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti . . . . .	7	161.886	1.145.029
<b>(Tap) hagnaður ársins . . . . .</b>		<b>( 11.681.619 )</b>	<b>3.480.073</b>
<b>(Tap) hagnaður á hlut</b>			
(Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut . . . . .	24	( 1,57 )	0,47
<b>(Tap) hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi</b>			
(Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut . . . . .	24	( 1,59 )	0,31

Skýringar á bls. 43 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



## Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir	14	26.178.340	29.862.770
Óefnislegar eignir	15	1.052.956	982.495
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	16	217.721	482.029
Eignarhlutir í öðrum félögum	17	177.516	564.535
Skuldabréfaeign	18	3.848.480	0
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	19	383.746	2.530.482
Tekjuskattseign	20	1.731.861	459.734
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>33.590.620</b>	<b>34.882.045</b>
Rekstrarvörubirgðir		266.144	360.799
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	21	1.799.917	1.106.981
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	19	0	410.692
Handbært fé	22	822.305	29.751
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>2.888.366</b>	<b>1.908.223</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>36.478.986</b>	<b>36.790.268</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé		6.118.387	7.454.816
Lögbundinn varasjóður		1.529.597	1.863.704
Endurmatsreikningur		929.933	0
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé		( 2.643.666)	10.657.618
<b>Eigið fé samtals</b>	23	<b>5.934.251</b>	<b>19.976.138</b>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir	25	21.898.433	11.803.786
Lífeyrisskuldbinding	26	1.248.000	1.063.173
Fyrirfram innheimtar tekjur	27	0	519.107
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	19	55.161	0
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>23.201.594</b>	<b>13.386.066</b>
Vaxtaberandi skuldir	25	2.777.566	851.611
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	29	2.595.806	2.234.145
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	19	74.508	0
Aðrir afleiðusamningar	28	1.895.261	0
Tekjuskattur til greiðslu		0	294.392
Fyrirfram innheimtar tekjur	27	0	47.916
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>7.343.141</b>	<b>3.428.064</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>30.544.735</b>	<b>16.814.130</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>36.478.986</b>	<b>36.790.268</b>

Skýringar á bls. 43 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Eiginfjáryfirlit árið 2008

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Samtals
<b>Árið 2007</b>					
Eigið fé 1. janúar 2007	7.454.816	1.863.704	0	7.577.545	16.896.065
Hagnaður ársins	3.480.073	3.480.073			
Úthlutaður arður, 0,054 kr. á hlut				( 400.000)	( 400.000)
<b>Eigið fé 31. desember 2007</b>	<b>7.454.816</b>	<b>1.863.704</b>	<b>0</b>	<b>10.657.618</b>	<b>19.976.138</b>
<b>Árið 2008</b>					
Eigið fé 1. janúar 2008	7.454.816	1.863.704	0	10.657.618	19.976.138
Tap ársins				( 11.681.619)	( 11.681.619)
Endurmat rekstrarfjármuna			8.945.000		8.945.000
Tekjuskattur af endurmati			( 1.212.600)		( 1.212.600)
Virðisrýrnun fastafjármuna			( 900.000)		( 900.000)
Tekjuskattur af virðisrýrnun			105.000		105.000
Heildartap ársins			6.937.400	( 11.681.619)	( 4.744.219)
Upplausn afskrifta færð á ójafnað eigið fé			( 322.108)	322.108	0
Úthlutaður arður, 0,067 kr. á hlut				( 500.000)	( 500.000)
Fært út við skiptingu félagsins	( 1.336.429)	( 334.107)	( 5.685.359)	( 1.441.773)	( 8.797.668)
<b>Eigið fé 31. desember 2008</b>	<b>6.118.387</b>	<b>1.529.597</b>	<b>929.933</b>	<b>( 2.643.666)</b>	<b>5.934.251</b>

Skýringar á bls. 43 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Skýringar

## 1. Félagið

HS Orka hf (áður Hitaveita Suðurnesja hf) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið annast framleiðslu á raforku, heitu vatni og jarðsjó ásamt jarðgufu- og raforkusölu.

Ársreikningur félagsins inniheldur ársreikning félagsins ásamt hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 13. mars 2009.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- hluti rekstrarfjármuna er færður á endurmetnu verði, sem var gangvirði þeirra á endurmatsdegi
- afleiðusamningar eru metnir á gangvirði
- fjármálagerningar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði
- fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði

Nánar er fjallað um mat á gangvirði í skýringu 4.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 14 - rekstrarfjármunir
- skýring 18 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum
- skýring 26 - lífeyrisskuldbinding
- skýring 28 - aðrir afleiðusamningar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum að því undanskildu að félagið færir frá og með 1. janúar 2008 hluta rekstrarfjármuna sinna samkvæmt endurmatsaðferð.

Tilteknar samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar til samræmis við framsetningu reikningsskila ársins. Að auki hafa samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi verið endurgerðar með því að sérgreina þann hluta rekstrarins sem tilheyrir aflagðri starfsemi.

## a. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur félagsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

## b. Erlendir gjaldmiðlar

### *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

## c. Fjármálagerningar

### (i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3 (m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

### *Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning*

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

### *Aðrir fjármálagerningar*

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádraginni virðisrýrnun þegar við á.



### c. *Fjármálagerningar, framhald*

#### (ii) *Afleiðusamningar*

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

#### *Hagrænar varnir*

Áhættuvarnarreikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

#### *Aðskildar innbyggðar afleiður*

Gangvirðisbreytingar aðskilda innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning.

#### (iii) *Hlutfé*

##### *Almennt hlutfé*

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

##### *Kaup á eigin hlutum*

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

### d. *Rekstrarfjármunir*

#### (i) *Færsla og mat*

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Fjármagnskostnaður af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað sem fellur til áður en bygging mannvirkja hefst eru ekki færður fjármagnskostnaður.

Virkjanir, dreifikerfi og fasteignir félagsins eru frá og með 1. janúar 2008 skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Endurmetna verðið er gangvirði eignanna á endurmatsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Endurmat þessara eigna verður unnið með reglubundnum hætti. Allar hækkunar vegna endurmatsins eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Uppsöfnuðum afskriftum endurmetinna eigna er jafnað móti stofnverði þeirra á endurmatsdegi. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eignar, eða þegar hætt er að nota hana, er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir eigninni færður á óráðstafað eigið fé, sem og jafnvirði afskrifta af endurmati.

**d. Rekstrarfjármunir, framhald**

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

**(ii) Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

**(iii) Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Orkuver . . . . .	40 ár
Borholur . . . . .	20 ár
Rafveitukerfi. . . . .	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi. . . . .	50 ár
Fasteignir. . . . .	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir . . . . .	5 - 20 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

**e. Óefnislegar eignir**

**(i) Rannsóknar- og þróunarkostnaður**

Kostnaður vegna rannsókna sem gerðar eru í þeim tilgangi að kanna jarðhitasvæði þar sem óvissa ríkir um nýtingarmöguleika og til að afla nýrrar vísinda- eða tækniþekkingar er færður beint í rekstrarreikning.

Þróun felur í sér könnun á jarðhitasvæðum þar sem líkur eru á nýtingu og virkjun í framtíðinni ásamt áætlun eða hönnun því tengdu. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef líkur eru á hagrænum ábata í framtíðinni og félagið ætlar sér og hefur getu til að ljúka þróuninni og nýta eða selja virkjunina. Eignfærður kostnaður samanstendur af efniskostnaði, beinum launakostnaði og rekstrarkostnaði sem hægt er að rekja beint til þess sem í þróun er. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna virkunar eignfærður meðal rekstrarfjármuna sem orkuver í byggingu.

Eignfærður þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

**(ii) Vatnsréttindi**

Vatnsréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma þegar kaup á réttindunum eru aðgreinanleg frá kaupum á landi. Vatnsréttindi eru ekki afskrifuð.

**e. Óefnislegar eignir, framhald****(iii) Aðrar óefnislegar eignir**

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

**(iv) Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

**(v) Afskriftir**

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 5-10 ár

**f. Leigusamningar**

Leigusamningar sem félagið hefur gert teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

**g. Rekstrarvörubirgðir**

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

**h. Virðisrýrnun**

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun rekstrarfjármuna sem sætt hafa endurmati er færð til lækkunar á endurmatsreikningi. Virðisrýrnun annarra eigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

**i. Hlunnindi starfsmanna****(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi**

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

**(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi**

Skuldbinding félagsins vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra. Tryggingafræðingur reiknar skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

#### j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarþjárfærðum, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

#### k. Tekjur

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga eru notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

##### *Tengigjöld*

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 ára afskriftartíma flutningskerfanna. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

#### l. Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

#### m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af afleiðum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

#### n. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

#### o. Aflögð starfsemi

Aflögð starfsemi er mikilvæg aðskilin rekstrareining. Þegar starfsemi er flokkuð sem aflögð starfsemi eru samanburðafjárhæðir í rekstrarreikningi endurgerðar eins og starfsemin hefði verið flokkuð sem aflögð frá byrjun samanburðarársins.

#### p. Skipting félagsins

Við skiptingu félagsins eru eignir, skuldir og eigið fé færðar út úr félaginu á bókfærðu verði þeirra.

#### q. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

#### r. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst annaðhvort við að útvega einstaka vöru eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða við að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er hann háður áhættuþáttum og afkomu sem eru ólík því sem fylgir öðrum starfsþáttum. Aðalstarfsþáttur félagsins byggir á rekstrarstarfsþáttum. Félagið birtir ekki starfsþáttayfirlit eftir landsvæðum þar sem starfsemi félagsins er eingöngu á Íslandi.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

#### s. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkunar á þeim sem hafa verið innleiddir á árinu 2008

IFRIC 11 IFRS 2 - **Viðskipti með eigin hluti í samstæðu** og IFRIC 14 IAS 19 - **Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra** tóku gildi á árinu 2008 en höfðu ekki áhrif á ársreikning félagsins.

#### t. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkunar sem hafa ekki verið innleiddir

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkunar á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2008 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings:

IFRS 8 **Starfsþættir**. Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast stjórnendum félagsins mun staðallinn gilda um ársreikninga félagsins frá og með 2009. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstarfsþætti í skýringu 6 og mun upptaka staðalsins ekki breyta framsetningu félagsins á starfsþáttum.

Í endurbættum IAS 1 **Framsetning reikningsskila (2007)** er kynnt hugtakið heildarafkoma, sem samanstendur af breytingum á eigin fé, öðrum en breytingum á eigin fé vegna viðskipta við eigendur sem slíka. Heildarafkomu er heimilt að setja fram í einu yfirliti um heildarafkomu eða í tveimur yfirlitum, þ.e. annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkomu. Endurbættur IAS 1 mun gilda um ársreikning félagsins 2009.

Í endurbættum IAS 23 **Lántökukostnaður** er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að lántökukostnaður sé eignfærður sem hluti af kostnaðarverði eignarinnar ef lántökukostnaðurinn tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning félagsins 2009. Félagið hefur eignfært lántökukostnað undanfarin ár.

Endurbættur IFRS 3 **Sameiningar fyrirtækja (2008)** innleiðir eftirfarandi breytinga sem ekki er talið að hafi áhrif á ársreikning félagsins 2009.

- Skilgreiningin á rekstri hefur verið útvíkkuð, sem mun líklega leiða til þess að fleiri kaup verði skilgreind sem sameining fyrirtækja.
- Skilyrtar greiðslur verða metnar á gangvirði og síðari breytingar þeirra færðar í rekstrarreikning.
- Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tilheyrir útgáfu verðbréfa, verður gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Þeir hlutir sem fjárfestir á áður en hann öðlast yfirráð eru metnir á gangvirði á yfirtökudegi og hagnaður eða tap færður í rekstrarreikning.
- Hlutdeild minnihluta verður metin annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í aðgreinanlegum eignum og skuldum yfirtekins rekstrar, miðað við hver kaup fyrir sig.

Endurbættur IFRS 3 mun gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu.

**t. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddir, framhald**

Í endurbættum IAS 27 **Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (2008)** er gerð krafa um að færa áhrif af breyttri eignarhlutdeild í dótturfélagi, sem felur ekki í sér breytingu á yfirráðum, sem eiginfjárbreytingu. Þegar samstæðan missir yfirráð yfir dótturfélagi er hluturinn sem eftir verður í eigu samstæðunnar metinn á gangvirði og hagnaður eða tap fært í rekstrarreikning. Endurbættur IAS 27 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi áhrif á ársreikning félagsins.

Í endurbættum IFRS 2 **Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnsluskiyrði og ógilding (2008)** er hugtakið ávinnsluskiyrði skilgreint nánar. Gerð er krafa um að þau skilyrði sem ekki teljast ávinnsluskiyrði séu einnig hluti af gangvirði á samningsdegi. Verði endurbættur IFRS 2 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að upptaka hans hafi áhrif á reikningsskil félagsins.

Í endurbættum IAS 32 **Fjármálagerningar: framsetning og IAS 1 Framsetning reikningsskila – innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við slit** er gerð sú krafa, að innleysanlegir fjármálagerningar og gerningar sem skylda einingu til að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan hlut í hreinum eignum einingar eingöngu við slit séu flokkuð sem eigið fé, að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Verði endurbættur samþykktur af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning félagsins fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbættur hafi áhrif á ársreikning félagsins.

Í endurbættum IAS 39 **Fjármálagerningar: skráning og mat – hæfir áhættuvarnarliðir** eru veittar nánari útskýringar á beitingu gildandi reikningsskilareglna sem taka til þess hvort tilteknar áhættur eða hluta sjóðsstreymis eru talin hæf í áhættuvarnarsambandi. Verði endurbættur samþykktur af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning félagsins fyrir árið 2010, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbættur hafi áhrif á ársreikning félagsins.

Sem lið í fyrsta árlega endurbótarferli, gerði Alþjóðlega reikningsskilaráðið tilteknar breytingar á reikningsskilastöðlum. Gildistaka breytinganna er ólík á milli staða en flestar gilda um ársreikninga fyrir árið 2009 verði þær samþykktar af Evrópusambandinu. Ekki er talið að endurbættur hafi veruleg áhrif á ársreikning félagsins.

IFRIC 13 **Tryggðarkerfi** fjallar um reikningsskil félaga sem starfrækja, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum á vörum og þjónustu eða ókeypis vörum og þjónustum. Verði IFRIC 13 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á ársreikning félagsins.

IFRIC 15 **Samningar um byggingu fasteigna** gildir um skráningu tekna og tilheyrandi gjalda hjá einingum sem ráðast sjálf í byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Verði IFRIC 15 samþykkt af Evrópusambandinu gildir túlkunin um ársreikning félagsins fyrir árið 2009 en ekki er talið að hún hafi nein áhrif á ársreikning félagsins.

Í IFRIC 16 **Áhættuvarnir vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi** er eftirfarandi skýrt nánar:

- áhættuvarnarreikningsskilum vegna nettó fjárfestingar er eingöngu hægt að beita á gjaldmiðlagengismun sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils erlendu starfseminnar og starfrækslugjaldmiðils móðurfélagsins og eingöngu að því marki sem nemur nettó eignum erlendu starfseminnar
- áhættuvarnargerningnum getur verið haldið í hvaða einingu sem er innan samstæðunnar að undanskildri þeirri starfsemi sem verið er að verja
- við ráðstöfun á áhættuvarðri starfsemi skal færa í rekstrarreikning uppsafnaðan hagnað eða tap af virka hluta áhættuvarnarinnar.

Túlkunin heimilar þeim einingum sem semja samstæðureikningsskil fyrir undirsamstæður sínar með því að beita samstæðureikningsskilum í skrefum að velja milli þess hvort við ráðstöfun á starfsemi, uppsafnaður þýðingarmunur sé færður í rekstrarreikning með sama hætti eins og aðferðinni um bein samstæðureikningsskil hafi alltaf verið beitt. Verði IFRIC 16 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2009, með framvirkri beitingu. Túlkunin mun ekki hafa nein áhrif á ársreikning félagsins.



#### t. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddir, framhald*

Í IFRIC 17 *Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en reiðufé* eru veittar leiðbeiningar um skráningu, mat og uppgjör á skuldum vegna úthlutunar eigna til eigenda, sem ekki er í formi reiðufjár. Verði IFRIC 17 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning félagsins fyrir árið 2010. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á ársreikning félagsins.

Í IFRIC 18 *Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* kveður á um með hvaða hætti skal færa tiltekna eignir í reikningsskilum þeirra aðila sem móttaka eignir frá viðskiptavinum sínum. Verði IFRIC 18 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um eignir sem eru móttæknar frá viðskiptavinum eftir 1. júlí 2009. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á ársreikning félagsins.

Ein túlkun, IFRIC 12 *Samningar þjónustuúvilnun*, tók gildi fyrir árið 2008 en hefur ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings vegna þess að Evrópusambandið hefur ekki ennþá samþykkt hana.

